Fasteignamat 2016

September 2015

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
REGISTERS ICELAND

Útgefandi:
Þjóðskrá Íslands
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
1. prentun september 2015

Prentun: Prentsmiðjan Leturprent ehf
Ritið er á vefsíðu Þjóðskrár Íslands
ISSN 1670-8350 (prentuð útgáfa)
ISSN 1670-8369 (rafræn útgáfa)

Efnisyfirlit

1 Inngangur **7**

2 Samantekt á helstu niðurstöðum **8**

3 Lagagrundvöllur fasteignamats **10**

3.1 Lög um skráningu og mat fasteigna 10

3.2 Aðdragandi lagabreytinga 2009 11

3.3 Endurskoðun matsaðferða 11

4 Fræði **13**

4.1 Matsaðferðir 13

4.2 Mat á gæðum fjöldamats 14

5 Markaðsaðferð **15**

5.1 Kaupsamningar 15

5.2 Gagnasafn 17

5.3 Líkangerð 21

5.4 Lóðarmat íbúðarhúsnæðis 23

5.5 Skoðunarkerfi til endurskoðunar fasteignamats 24

5.6 Eldri skoðunarupplýsingar 26

5.7 Lokafrágangur fasteignamats 27

6 Tekjuaðferð **29**

6.1 Uppsöfnuð skekkja 29

6.2 Gagnasafn tekjumats 31

6.3 Líkangerð tekjumats 33

6.4 Lóðarmat tekjumats 35

6.5 Skoðunarkerfi tekjumats 36

6.6 Lokafrágangur tekjumats 37

7 Aðrar aðferðir **38**

7.1 Endurstofnverð 38

7.2 Framreikningur fasteignamats 39

7.3 Frágangur mats 39

7.4 Íbúðarhúsnæði með blandaðri aðferð 39

7.5 Markaðsleiðrétt kostnaðarmat 42

7.6 Miðbæjarmat 44

7.7 Sumarbústaðir 44

7.8 Jarðir og annað land 45

7.8.1 Verðflokkamat 45

7.8.2 Búgarðalóðir 48

A Breytur íbúðarmatslíkans **49**
A.1 Yfirlit um breytur eftir líkönum 53
A.2 Nánari skilgreining á völdum breytum 55

B Matslíkön íbúðarmatslíkans **56**

C Grunnmat íbúðarmatslíkans **58**

D Matssvæði og undirmatssvæði íbúðarmatslíkans **59**

E Tímaleiðréttingar kaupsamninga um íbúðarhúsnæði **71**

F Marktækir stuðlar íbúðarmatslíkans **74**

G Skilgreining lýsistærða til að meta gæði fasteignamats **83**

H Lýsistærðir íbúðarmats **84**

I Breytur atvinnumatslíkans **92**

J Matslíkön atvinnuleigulíkans **94**

K Matssvæði og undirmatssvæði atvinnumatslíkans **96**

L Tímaleiðréttingar leigusamninga um atvinnuhúsnæði **109**

M Marktækir stuðlar leigulíkans atvinnumats **110**

N Svæðastuðlar **114**

O Atvinnustuðlar **130**

P Hverfisstuðlar fyrir markaðsleiðrétt kostnaðarmat **146**

Q Flokkun sumarbústaðasvæða **148**

R Stuðlar sumarbústaðamats **150**

S Niðurstöður mats **163**

T Lög nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum, V. kafli: Fasteignamat og framkvæmd þess **167**

U Kort **171**

Töfluskrá

1 Matsniðurstöður eftir eignaflokkum 8

2 Verðmætaflokkun rýma 18
3 Flokkun íbúðarhúsnæðis 19
4 Fjöldi kaupsamninga í hverju líkani 21
5 Áhrif matsstigs á húsmat 22
6 Leiðréttingarstuðull fyrir fasteignir með mörgum íbúðum 22
7 Lýsistærðir líkana 23
8 Einkunnir fyrir skoðunarkerfi 25
9 Gæðaeinkunn yfir í talnaeinkunn 26
10 Námundun á matstölum 28
11 Flokkun rýma 33
12 Lýsistærðir líkana 35
13 Viðmiðunarávöxtunarkrafa 35
14 Áhrif matsstigs á mat rýmis í tekjumati 35
15 Einkunnir fyrir skoðunarkerfi tekjumats 36
16 Stuðlar fyrir lóðarmat íbúðarhúsnæðis 2016 40
17 Almennur stuðull (γ_1) fyrir íbúðarhúsnæði 2016 40
18 Stuðlar fyrir húsmat 2016 41
19 Fasti (γ_0) fyrir húsmat 2016 41
20 Almennur stuðull 2016 42
21 Stuðull (λ_1) fyrir lóðarmat 2016 43
22 Stuðlar (λ_2 og $\lambda_{2\acute{o}b}$) fyrir lóðarmat 43
23 Notkun lands 46
24 Flokkun lands 47
25 Verð flokka 47
26 Hverfisstuðlar búgarðamats 48
27 Breytur sem búnar voru til úr gögnum Þjóðskrár Íslands 49
28 Breytur í líkönum eftir svæðum 53
29 Flokkun á efni útveggja 55
30 Matssvæði: Sérbýli á höfuðborgarsvæðinu 59
31 Matssvæði: Sérbýli á landsbyggðinni 61
32 Matssvæði: Fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu 64
33 Matssvæði: Fjölbýli á landsbyggðinni 66
34 Undirmatssvæði á höfuðborgarsvæðinu 69
35 Undirmatssvæði á landsbyggðinni 70
36 Marktækir stuðlar: Sérbýli á höfuðborgarsvæðinu 74
37 Marktækir stuðlar: Sérbýli á landsbyggðinni 76
38 Marktækir stuðlar: Fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu 78
39 Marktækir stuðlar: Fjölbýli á landsbyggðinni 81
40 Lýsistærðir líkans Höfuðborgarsvæði - sérbýli 84
41 Lýsistærðir líkans Höfuðborgarsvæði - fjölbýli 85
42 Lýsistærðir líkans Landsbyggð - sérbýli 87
43 Lýsistærðir líkans Landsbyggð - fjölbýli 89

44 Tekjumatsbreytur sem búnar voru til úr gögnum Þjóðskrár Íslands 92
45 Matssvæði: Skrifstofuhúsnæði 96
46 Matssvæði: Verslunarhúsnæði 100
47 Matssvæði: Iðnaðarhúsnæði 103
48 Undirmatssvæði 107
49 Marktækir stuðlar: Skrifstofur 110
50 Marktækir stuðlar: Verslun 110
51 Marktækir stuðlar: Iðnaður 112
52 Svæðastuðlar fyrir íbúðarhúsnæði 114
53 Svæðastuðlar fyrir atvinnulóðir og atvinnuhús 130
54 Hverfisstuðlar fyrir markaðsleiðrétt kostnaðarmat 146
55 Stuðlar fyrir sumarbústaðamat 150
56 Niðurstöður endurmats 163

Myndaskrá

1 Matsbreytingar. 9
2 Heildarfjöldi kaupsamninga eftir árum. 15
3 Hlutfall kaupsamninga um íbúðarhúsnæði þar sem fjármálastofnun selur. 16
4 Hlutfall makaskipta á öllu landinu. 16
5 Hlutfall fasteignamats og kaupverðs eigna í tekjuaðferð. 29
6 Verðþróun sérbýlis á höfuðborgarsvæðinu. 71
7 Verðþróun sérbýlis á Suðurnesjum og Suður- og Vesturlandi. 71
8 Verðþróun sérbýlis á Vestfjörðum, Norður- og Austurlandi. 72
9 Verðþróun fjölbýlis á höfuðborgarsvæðinu. 72
10 Verðþróun fjölbýlis á Suðurnesjum og Suður- og Vesturlandi. 73
11 Verðþróun fjölbýlis á Vestfjörðum, Norður- og Austurlandi. 73
12 Leiguverðþróun atvinnuhúsnæðis. 109
13 Matssvæði íbúðarhúsnæðis á Akureyri. 171
14 Hverfaskipting fyrir markaðsleiðrétt kostnaðarmat. 172
15 Matssvæði búgarðabyggða á Suðurlandi. 173

1 Inngangur

Hér eru kynntar niðurstöður og aðferðir árlegs endurmats fasteignamats sem gildir fyrir árið 2016. Samkvæmt lögum nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna skal Þjóðskrá Íslands endurmeta fasteignamat 31. maí ár hvert miðað við gangverð eins og það var í næstliðnum febrúar. Fasteignamat 2016 miðast því við verðlag fasteigna í febrúar 2015 og tekur gildi 31. desember 2015.

Breytingar á lögunum tóku gildi árið 2009 og fólu þær m.a. í sér upptöku árlegs endurmats fasteignamats. Frá þeim tíma hafa verið gerðar breytingar á matsaðferðum. Meginaðferð íbúðarmatsins, markaðsaðferð, hefur haldið sér frá endurmatinu 2009. Fyrstu árin voru einungis íbúðarhús á lóðum metin með þessari aðferð en við endurmat fasteignamats fyrir árið 2015 var hún einnig notuð við mat á íbúðarhúsum á jörðum. Í endurmati fasteignamats fyrir árið 2015 var tekjuaðferð tekin upp við mat á skrifstofu- og verslunareignum ásamt eignum fyrir léttan iðnað. Við endurmat fasteignamats fyrir árið 2016 voru ekki gerðar neinar breytingar á aðferðafræði fasteignamats en öll líkön endurkeyrð út frá nýjustu gögnum.

Niðurstöður endurmats voru kynntar fasteignaeigendum með rafrænum tilkynningaseðli á þjónustu- og upplýsingaveitunni Ísland.is sem Þjóðskrá Íslands rekur. Þar er að finna tilkynningarseðla fasteignamats aftur til ársins 2011 og gefst fasteignaeigendum þar með gott tækifæri að fylgjast með þróun fasteignamats eigna sinna. Fasteignamat 2016 var kynnt fjölmiðlum í júní og birtust einnig auglýsingar í dagblöðum, netmiðlum og útvarpi. Einnig má nálgast upplýsingar um fasteignamat einstakra fasteigna á vef Þjóðskrár Íslands, www.skra.is, með því að slá inn heiti eða fastanúmer eignarinnar. Þá getur fólk haft samband við Þjóðskrá og fengið tilkynningarseðil sendan til sín. Frestur til athugasemda við fasteignamat 2016 var til 1. september 2015.

Sérstök skýrsla um brunabótamat 2015 kemur út samhliða þessari skýrslu og má nálgast hana á vef Þjóðskrár Íslands. Í henni er ítarlega skýrt frá reiknireglum brunabótamats.

2 Samantekt á helstu niðurstöðum

Eins og undanfarin ár er stuðst við gögn margra ára tímabils við gerð fasteignamats til þess að fá sem gleggsta mynd af markaðnum. Við mat á íbúðarhúsnæði er að þessu sinni stuðst við kaupsamninga gerða á tímabilinu frá janúar 2008 til apríl 2015 sem þýðir að minna en eitt ár af gögnum fyrir hrun er tekið með við gerð matslíkana. Við mat á skrifstofu- og verslunareignum ásamt eignum fyrir léttan iðnað er stuðst við leigusamninga frá 1. janúar 2004 til 1. mars 2015 og kaupsamninga gerða á tímabilinu frá 1. júlí 2006 til 1. mars 2015. Kaupsamningum fjölgaði árið 2014 um tæp 11% frá árinu áður og er það áframhald á þróun sem hófst árið 2010 þegar kaupsamningum fór að fjölga á ný eftir mikla fækkun á árunum 2008 og 2009. Fjölgun kaupsamninga er gleðiefni, ekki eingöngu fyrir fasteignaeigendur heldur einnig fyrir fasteignamatið, þar sem auðveldara er að skera úr um verðmæti einstakra þátta sem ráða fasteignamatinu.

Heildarfasteignamat á landinu sem gildir fyrir árið 2016 er 5.754 milljarðar króna miðað við stöðuna eins og hún var 10. júní 2015 þegar tilkynningarseðlar voru sendir út til eigenda að loknu endurmati 31. maí 2015 en fasteignamat sem gildir fyrir árið 2015 var á sama tíma tæpir 5.443 milljarðar króna. Heildarmat hækkar því um 5,7% milli ára. Niðurstöður um einstaka eignaflokka má finna í 1. töflu.

1. tafla. *Matsniðurstöður eftir eignaflokkum*

Flokkun eigna	**Fasteignamat 2016**
Íbúðareignir	3.843
Frístundabyggð	140
Atvinnueignir	1.014
Stofnanir og samkomustaðir	422
Eignir á jörðum	135
Óbyggðar lóðir og lönd	92
Aðrar eignir	108
Samtals	5.754

Allar tölur eru í milljörðum króna

Í viðauka S má sjá skiptingu fasteignamats eftir flokkun eigna í öllum sveitarfélögum á landinu miðað við stöðuna 10. júní 2015 að loknu endurmati.

Heildarfasteignamat tekur mismiklum breytingum eftir landshlutum. Mat á höfuðborgarsvæðinu hækkar um 6,7%, á Suðurnesjum hækkar mat um 4,1%, á Vesturlandi hækkar matið um 2,8%, á Vestfjörðum um 1,1%, á Norðvesturlandi um 3,8%, á Norðausturlandi um 5,2%, á Austurlandi um 2,8% og á Suðurlandi um 2,6%.



1. mynd. *Matsbreytingar.*

Heildarbreyting 91% eigna var á bilinu 0% til 15% eins og sjá má á 1. mynd sem er mjög svipað og verið hefur undanfarin ár. Það er einna helst atvinnuhúsnæði miðsvæðis í Reykjavík sem sker sig úr ásamt búgarðalóðum þar sem búgarðahverfi voru yfirfarin (sjá nánar kafla 7.8.2).

3 Lagagrundvöllur fasteignamats

Við árlegt endurmat fasteignamats fer Þjóðskrá Íslands að lögum nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna. Þann 1. janúar 2009 gengu í gildi breytingar á lögunum sem fólu í sér nokkrar breytingar á framkvæmd fasteignamats. Þær voru í samræmi við niðurstöður starfshóps sem fjármálaráðuneytið skipaði í október 2006 til að fara yfir tilhögun við fasteignaskráningu og fasteignamat á vegum hins opinbera og leggja mat á hvort ástæða væri til að breyta skipan þeirra mála, sbr. skýrslu dags. 15. nóvember 2007.

Lagabreytingarnar fólu m.a. í sér að árlegur framreikningur fasteignamats var aflagður og í stað hans kom árlegt endurmat. Með framreikningi breyttist fasteignamat um sama hlutfall á öllum eignum eða stórum flokkum eigna á tilteknum svæðum óháð breytingu á markaðsverði einstakra eigna eða tegunda eigna. Endurmat fasteignamats byggist hinsvegar á upplýsingum um eiginleika hverrar eignar og gangverði á fasteignamarkaði samkvæmt kaupsamningum og leigusamningum. Endurmatsaðferðin gefur því jafnan betri fylgni við gangverð en notkun framreiknistuðla og leggur því grundvöll að auknu jafnræði og réttlæti í skattlagningu þar sem fasteignamat er álagningastofn.

3.1 Lög um skráningu og mat fasteigna

Í lögum nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna er mælt fyrir um í 2. gr. að hverja fasteign skuli meta til verðs eftir því sem næst verður komist á hverjum tíma og nánar er kveðið á um í lögunum. Þá er í 29. gr. kveðið á um að Þjóðskrá Íslands annist mat fasteigna samkvæmt lögunum og að stofnunin skuli leitast við að tryggja samræmingu í matsstörfum og samræmingu upplýsinga sem helst skipta máli við framkvæmd mats. Auk þess segir þar að Þjóðskrá Íslands sé heimil útvegun sérfræðilegrar aðstoðar við mat eigna eftir því sem þörf krefur.

Samkvæmt 27. og 28. gr. laganna skal við ákvörðun fasteignamats leita eftir því að finna gangverð eignar, umreiknað til staðgreiðslu, miðað við heimila og mögulega nýtingu á hverjum tíma, sem ætla megi að eignin hefði í kaupum og sölum í febrúarmánuði næst á undan matsgerð. Þó er gerð sú undanþága að verðmat bújarða skal miðast við notkun þeirra til búskapar.

Við ákvörðun gangverðs skal eftir föngum finna tölfræðilega fylgni gangverðs við ýmsar staðreyndir um seldar eignir, svo sem stærð, gerð, búnað, staðsetning o.s.frv., og sennilegt gangverð ákvarðað með útreikningum á grundvelli þeirra vísbendinga. Sé gangverð fasteignar ekki þekkt skal matsverð ákveðið eftir bestu fáanlegri vitneskju um gangverð sambærilegra fasteigna með hliðsjón af tekjum af þeim, kostnaði við gerð mannvirkja, aldri þeirra, legu eignar með tilliti til samgangna, nýtingarmöguleikum og fleiri atriðum sem kunna að hafa áhrif á gangverð eignarinnar.

Samkvæmt 32. gr. a sömu laga skal stofnunin endurmeta skráð matsverð allra fasteigna 31. maí ár hvert. Þjóðskrá Íslands ber að gera sveitarfélögum og fasteignaeigendum grein fyrir niðurstöðum endurmatsins sem tekur gildi næsta 31. desember. Veittur er frestur til athugasemda að lágmarki í einn mánuð og oftast í sex vikur. Frestur til athugasemda var að þessu sinni til 1. september 2015.

Þann hluta laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna sem fjallar um framkvæmd fasteignamats, með breytingum frá 2009, má lesa í viðauka T. Lögin í heild sinni má finna í

lagasafni Alþingis.

3.2 Aðdragandi lagabreytinga 2009

Vegna stefnumótunar um þróun fasteignamats fékk Fasteignamat ríkisins (nú Þjóðskrá Íslands) í samráði við fjármálaráðuneytið þekkt bandarískt ráðgjafafyrirtæki í fasteignamati og fasteignasköttum, Almy, Gloudemans, Jacobs & Denne, til að gera úttekt á starfsemi stofnunarinnar sem laut að framkvæmd fasteignamats. Það var Robert J. Gloudemans sem framkvæmdi úttektina á fyrsta ársfjórðungi 2007 en hann hefur sérhæft sig í tölvuvæddu fjöldamati fasteignamats og er einn af frumkvöðlum þeirrar aðferðar sem víða um lönd er orðin ráðandi við framkvæmd fasteignamats. Hann hefur samið nokkrar bækur sem eru höfuðrit á þessu sviði og er aðalhöfundur helstu staðla sem gilda í Norður-Ameríku um aðferðafræðina og framkvæmd fjöldamats. Þar að auki hefur hann verið ráðgjafi ríkisstjórna fjölmargra ríkja í Bandaríkjunum um fasteignamat og fasteignaskatta og verið ráðgjafi nokkurra ríkisstjórna Evrópuríkja. Það er hægt að lesa úrdrátt úr þessari skýrslu Gloudemans í skýrslunni Fasteignamat 2010 sem Fasteignaskrá Íslands (nú Þjóðskrá Íslands) gaf út árið 2009. Hægt er að finna skýrsluna Fasteignamat 2010 á vef Þjóðskrár Íslands undir útgáfur og skjöl.

Niðurstöður skýrslunnar voru að tiltölulega auðvelt væri að nálgast upplýsingar til að nota við greiningu og gerð matslíkana en þó mættu liggja fyrir meiri markaðsupplýsingar um atvinnuhúsnæði og land. Mat atvinnuhúsnæðis virtist að mati höfundar hafa verið minnst sinnt og helst ætti að meta atvinnuhúsnæði tekjumati. Skoðun höfundar skýrslunnar var að endurmat fasteignamats á Íslandi væri of fátítt og um of væri treyst á framreikning við matsstarfsemi stofnunarinnar og mælti hann með reglubundnu endurmati. Þær þjóðir sem höfðu á þessum tíma tekið upp endurmatsfyrirkomulagið voru Danmörk, Svíþjóð, Holland og mörg ríki í Bandaríkjunum og Kanada. Jafnframt lagði höfundur til að hætt yrði að nota afskrifað endurstofnverð í fasteignamati íbúðarhúsnæðis.

3.3 Endurskoðun matsaðferða

Frá 2009 hefur Þjóðskrá Íslands unnið að endurskoðun allra matsaðferða. Fyrsta stóra skrefið var stigið með endurmati íbúðarhúsnæðis sem hefur verið framkvæmt árlega frá 2009 og er því kynnt í sjöunda skipti í þessari skýrslu. Við mat á íbúðarhúsnæði er stuðst við markaðsaðferð en þá eru upplýsingar úr nýlegum kaupsamningum ásamt upplýsingum um eiginleika eigna notaðar til að útbúa líkön sem lýsa verði eigna (sjá nánar í 4. og 5. kafla). Fyrsta endurmatið fór fram á vormánuðum 2009 á miklum óvissutímum. Í því mati var stuðst við ellefu matslíkön, sex fyrir sérbýli og fimm fyrir fjölbýli. Matinu var vel tekið því fljótlega var farið að styðjast við það vítt og breytt um þjóðfélagið. Íbúðarmatið byggði á tíu matslíkönum þar til við endurmat fasteignamats fyrir árið 2013 þegar líkönum var fækkað í fjögur. Grunnur þessarar einföldunar var ný matssvæðaskipting fyrir landsbyggðina því nú er það eingöngu landfræðileg staðsetning sem ræður staðsetningaráhrifum. Hægt er að sjá matssvæðin á kortum í viðauka U. Einnig voru gerðar endurbætur á lóðarmati í endurmatinu fyrir árið 2013 (sjá nánar í kafla 5.4) sem gerði það að verkum að hægt var að endurmeta lóðarmat óbyggðra íbúðarhúsalóða með sömu matsferðum og notaðar eru fyrir byggðar íbúðarhúsalóðir. Fram til ársins 2015 voru einungis

íbúðarhús á lóðum metin með markaðsaðferð en frá 2015 hefur húsmat íbúðarhúsa á jörðum einnig verið metið með þessari aðferð.

Annað stórt skref í endurskoðun matsaðferða var stigið við endurmat fasteignamats fyrir árið 2015 með endurmati verslunar- og skrifstofueigna og eigna fyrir léttan iðnað. Endurmatið náði til tæplega 13.000 eigna um allt land. Fasteignamatið byggir nú á tekjuaðferð sem er alþjóðlega viðurkennd matsaðferð. Þá eru upplýsingar úr nýlegum leigusamningum ásamt upplýsingum um eiginleika eigna notaðar til að útbúa líkön sem lýsa fermetraverði leigu. Upplýsingar úr leigulíkaninu ásamt ávöxtunarkröfu eru síðan notaðar til að áætla gangverð (sjá nánar í 4. og 6. kafla). Með þessari breytingu var m.a. verið að koma til móts við athugasemdir úttektarinnar frá árinu 2007 þar sem mælt var með því að meta atvinnueignir tekjumati. Atvinnuhúsnæði var að stærstum hluta áður metið með markaðsleiðréttu kostnaðarmati (sjá 7.5. kafla). Atvinnuhúsnæði var áður endurmetið árið 2001 en frá þeim tíma til ársins 2015 hafði fasteignamatið verið framreiknað árlega. Þar sem langt var liðið frá seinasta endurmati hafði að mati Þjóðskrár Íslands myndast misræmi í fasteignamati atvinnueigna og fasteignamatið var ekki alltaf lýsandi fyrir gangverð.

Takmark Þjóðskrár Íslands með upptöku nýrra aðferða er alltaf að minnka misræmi í fasteignamati og uppfylla eins vel og kostur er á ákvæði laganna um að fasteignamat endurspegli gangverð.

4 Fræði

Fasteignamati sem tekur gildi 31. desember 2015 er ætlað að endurspegla gangverð á fasteignamarkaði í febrúar 2015 miðað við staðgreiðslu. Þó er gerð sú undanþága að verðmat bújarða skal miðast við notkun þeirra til búskapar. Endurmatið nú nær til allra fasteigna á Íslandi. Notaðar eru mismunandi aðferðir við mat ólíkra eignaflokka.

4.1 Matsaðferðir

Aðferðir til mats á verðmæti fasteigna skiptast í þrjá flokka: Markaðsaðferð, tekjuaðferð og kostnaðaraðferð. Þessar aðferðir má eftir atvikum útfæra í einstökum matsgerðum eða fjöldamati. Fjöldamat felst í því að meta margar fasteignir samtímis með kerfisbundnum hætti þ.e. með því að nota staðlaðar aðferðir og tölfræðipróf. Ef til eru fullkomnar upplýsingar eiga allar aðferðir að gefa sömu matsniðurstöðu. Það ræðst því af aðgengi að upplýsingum hvaða aðferð er líklegust til þess að varpa ljósi á markaðinn.

Markaðsaðferð

Markaðsaðferð byggist á samanburði við sölu sambærilegra fasteigna. Gert er ráð fyrir að hægt sé að segja til um verðmæti fasteignar út frá verðmæti nýseldra, nálægra fasteigna með sömu eiginleika. Safnað er saman upplýsingum um verð ásamt upplýsingum um breytur sem hafa áhrif á verðið. Þar ber helst að nefna staðsetningu, stærð og aldur ásamt öðrum eiginleikum. Til þess að hægt sé að beita markaðsaðferð þurfa margar fasteignir að hafa selst og því hentar þessi aðferð íbúðarhúsnæði á virkum markaði. Fjöldamat íbúðarhúsnæðis sem fjallað er um í 5. kafla byggist á þessari aðferð. Sé markaðsaðferðum beitt við fjöldamat er gert aðhvarfslíkan sem lýsir sambandi kaupverðs og skráðra eiginleika fasteigna.

Tekjuaðferð

Tekjuaðferð byggist á upplýsingum um tekjur sem afla má af fasteignum og kostnað vegna fasteignanna. Algengast er að slíkar tekjur séu af leigu. Tekjuaðferð gerir ráð fyrir að kaupverð sé jafnt þeim núvirtu hreinu tekjum sem má hafa af fasteigninni að gefinni tiltekinni ávöxtunarkröfu. Tekjuaðferð á best við um atvinnuhúsnæði eða annað það húsnæði sem algengt er að keypt sé til útleigu. Fjöldamat atvinnuhúsnæðis sem fjallað er um í 6. kafla byggist á þessari aðferð. Til að beita tekjuaðferð við fjöldamat er gert aðhvarfslíkan sem lýsir sambandi leigutekna og skráðra eiginleika fasteigna. Einnig þarf að meta kostnað og ávöxtunarkröfu. Að gefnum þessum stærðum eru hreinar framtíðartekjur núvirtar.

Kostnaðaraðferð

Kostnaðaraðferð byggir á útreikningi á byggingarkostnaði þeirrar fasteignar sem á að meta eða annarrar sambærilegrar sem gæti uppfyllt sömu þarfir að teknu tilliti til afskrifta vegna aldurs og úreldingar. Ef byggingarmarkaður er virkur má gera ráð fyrir að söluverð fasteigna sé jafnt byggingarkostnaði að viðbættu lóðarverði. Markaðsleiðrétt kostnaðarmat sem fjallað er um í

7. kafla byggir á þessari aðferð ásamt því að nýta kaupsamninga til þess að meta samband byggingarkostnaðar og markaðsverðs.

4.2 Mat á gæðum fjöldamats

Meta má gæði mats út frá hlutföllum mats og söluverðs. Þrenns konar lýsistærðir eru mest notaðar í þessum tilgangi. Skilgreiningar lýsistærða eru í viðauka G.

1. *Hlutfall mats og söluverðs* í einstökum eignaflokkum á tilteknum svæðum. Annars vegar er horft til meðaltalshlutfalls mats- og söluverðs fasteigna. Hins vegar er kannað hlutfall heildarmats og heildarsöluverðs. Lög og reglur um fasteignamat á Íslandi miðast við að mat eigna sé jafnt markaðsverði og því eiga þessi hlutföll að vera sem næst einum.

2. *Miðgildisfrávik (e. Coeffiecient of Dispersion, COD)* er mælikvarði á hversu mikill breytileiki er í hlutfalli mats og söluverðs. Miðað er við að í mati einbýlishúsa sé frávikið 5–15%. Almennt er talið að 5% sé minnsta frávik sem matslíkan geti náð. Frávik upp á 5% sé í raun breytileiki markaðarins og sé ekki háður eiginleikum fasteigna. Á mjög einsleitum svæðum er unnt að ná fráviki niður undir 5% en almennt á að vera unnt að ná fráviki niður fyrir 10%. Á tiltölulega einsleitum svæðum í dreifðari byggðum, eða þar sem markaður er ekki jafn virkur, er talið að fullnægjandi matslíkan skili miðgildisfráviki sem er minna en 20%. Við mat á atvinnuhúsnæði er miðað við að miðgildisfrávikið sé minna en 20%.

3. *Innbyrðis mismunur (e. Price Related Diffferential, PRD)* mælir hvort verðmætar og verðminni fasteignir séu metnar hlutsfallslega jafn hátt miðað við markaðsverð. Ef fullu jafnræði er náð er innbyrðis munur 1,00. Matslíkan er talið fullnægjandi ef mismunur er á bilinu 0,98 til 1,03. Ef innbyrðis mismunur er minni en 0,98 eru verðmætari fasteignir hlutfallslega ofmetnar og matið er sagt vaxandi (e. *progressive*). Ef innbyrðis mismunur er meiri en 1,03 eru verðmeiri eignir hlutfallslega vanmetnar og matið er sagt dvínandi (e. *regressive*).

5 Markaðsaðferð

Um 97% af öllu íbúðarhúsnæði er metið með markaðsaðferð. Safnað er upplýsingum úr nýlegum kaupsamningum ásamt upplýsingum úr fasteignaskrá um eiginleika fasteigna og tölfræðilegar aðferðir notaðar til að útbúa líkan sem lýsir verði eignar út frá eiginleikum hennar. Við endurmat fasteignamats íbúðarhúsnæðis fyrir árið 2016 voru útbúin fjögur líkön; sérbýlis- og fjölbýlislíkön fyrir höfuðborgarsvæði og landsbyggð.

5.1 Kaupsamningar

Frá aldamótum hefur fjöldi kaupsamninga tekið töluverðum breytingum frá ári til árs. Frá árinu 2001 til ársins 2005 fjölgaði kaupsamningum úr 9.430 í 15.836. Einnig var mikil sala á árunum 2006 og 2007 en árið 2008 fækkaði samningum í 6.241. Árið 2009 var botninum náð og eftir það hefur þeim farið fjölgandi og voru orðnir tæplega 9.400 árið 2014. Fyrsta ársfjórðung 2015 var 2.400 kaupsamningum þinglýst sem er um 14% aukning frá sama tíma í fyrra og því má eiga von á að þessi þróun haldi áfram, sjá 2. mynd.



2. mynd. *Heildarfjöldi kaupsamninga eftir árum.*

Hlutfall kaupsamninga um íbúðarhúsnæði þar sem fjármálastofnun er seljandi var í kringum 1% árið 2007 en fór svo ört hækkandi. Á fyrsta ársfjórðungi 2010 var hlutfall þeirra orðið 10% af heildarfjölda kaupsamninga. Enn er hlutfall kaupsamninga þar sem fjármálastofnun er seljandi á þessu reiki en á fyrsta ársfjórðungi þessa árs var hlutfallið tæplega 9%, sjá 3. mynd.



3. mynd. *Hlutfall kaupsamninga um íbúðarhúsnæði þar sem fjármálastofnun selur.*

Kaupsamningum um íbúðarhúsnæði þar sem hluti kaupverðs er greiddur með annarri fasteign (makaskiptasamningum) fór fjölgandi frá ársbyrjun 2008 fram á mitt ár 2009 en hefur síðan þá farið fækkandi, sjá 4. mynd. Yfir 30% kaupsamninga um íbúðarhúsnæði voru makaskiptasamningar þegar mest lét en nú er hlutfall þeirra um 5%.



4. mynd. *Hlutfall makaskipta á öllu landinu.*

5.2 Gagnasafn

Tölfræðivinnsla fyrir fasteignamat íbúðarhúsnæðis 2016 byggðist á gögnum um kaupsamninga sem gerðir voru frá 1. janúar 2008 til 1. apríl 2015. Gagnasafnið sem notað var við gerð matslíkana fyrir íbúðarhúsnæði er aðgengilegt á vef Þjóðskrár Íslands www.skra.is. Þar er einnig að finna dálkaskýringar. Í meginatriðum er um að ræða alla samninga um kaup á fullbúnu íbúðarhúsnæði sem þó fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

- **Samningur um eina fasteign.** Í samningum um fleiri en eina fasteign er ekki hægt að áætla hversu stór hluti kaupverðs er vegna tiltekinnar eignar og slíkir samningar því ekki teknir með.
- **Samningur um heila fasteign.** Sé fasteign seld að hluta, t.d ef um kaup á 50% af fasteign er að ræða, var samningurinn ekki tekinn með.
- **Samningur á milli óskyldra aðila.** Ef viðskipti voru milli skyldra aðila var samningur ekki tekinn með. Skyldir aðilar eru t.d. félög í eigu sama aðila, hjón eða fólk í sambúð, foreldrar og börn eða barnabörn. Hvort um sé að ræða viðskipti milli skyldra aðila byggir á mati sérfræðinga Þjóðskrár Íslands.

Úr kaupskránni, sem er gagnagrunnur um kaupsamninga, voru teknar eftirfarandi upplýsingar:

- Dagsetning kaupsamnings, dagur/mánuður/ár.
- Kaupverð.
- Staðgreiðsluvirði kaupsamnings (núvirði) sem er leiðrétt kaupverð miðað við verðmæti samningsins í reiðufé. Staðgreiðsluverð er frábrugðið kaupverði ef t.d. kaupandi yfirtekur hagstæð eða óhagstæð lán, greiðir útborgun á löngum tíma eða hluti kaupverðs er greiddur með fasteign eða lausafé.
- Hvort samningur var makaskiptasamningur, það er hvort og hversu stór hluti kaupverðs var greiddur með annarri fasteign.
- Hvort hluti kaupverðs var greiddur með lausafé. Með lausafé er átt við aðra muni en peninga og fasteignir, svo sem bifreiðar.
- Hvort kaupandi/seljandi var fjármálastofnun.

Gerð var sérstök könnun á núvirðingu makaskiptasamninga. Við núvirðingu kaupsamninga er sá hluti kaupverðs sem greiddur er með makaskiptum lækkaður um 10% til að færa hann til staðgreiðsluvirðis. Þetta þýðir að fasteign sem keypt var fyrir 10 milljónir og greiðslan að fullu önnur fasteign var núvirt kaupverð metið 9 milljónir. Í október 2008 var sérstök athugun gerð á því hvort þessi 10% væru nægjanlega mikil niðurfærsla. Niðurstaðan var sú að fram til þess tíma væri ekki ástæða til að ætla að 10% niðurfærsla vegna makaskipta væri vanmat á áhrifum þeirra á kaupverð. Eftir október 2008 fóru að koma fram vísbendingar um að 10% leiðréttingin

væri ekki nægjanleg. Við endurmatið í ár voru fjögur tímabil skoðuð (4. mynd). Tímabil **1** nær til 1. júní 2008, tímabil **2** nær frá 1. júní 2008 til 1. maí 2011, tímabil **3** nær frá 1. maí 2011 til 1. júní 2013 og tímabil **4** er frá 1. júní 2013. Niðurstaðan var að hæfileg niðurfærsla væri 10% á tímabilum **1** og **4**, 19% á tímabili **2** og 14% á tímabili **3**. Voru makaskiptasamningar notaðir við endurmatið og færðir til staðgreiðsluvirðis með þessari leiðréttingu.

Skráningarupplýsingum og matsforsendum var safnað úr fasteignaskrá fyrir þær eignir sem kaupsamningar fjalla um. Úr fasteignaskránni voru teknar eftirfarandi upplýsingar:

- Staðsetning eignar. Búið er að hnitsetja nánast allar íbúðareignir á Íslandi og eru hnit þeirra skráð í staðfangaskrá. Hnitin eru notuð til að ákvarða staðsetningu eignar í matssvæði og undirmatssvæði. Matssvæði eru afmörkuð í landupplýsingakerfi Þjóðskrár Íslands út frá mati á markaðsaðstæðum. Á höfuðborgarsvæðinu og einstaka stað á landsbyggðinni eru einnig afmörkuð undirmatssvæði þar sem sérstakir þættir hafa áhrif á verð. Má þar nefna þætti til hækkunar eins og útsýni, legu að sjó og aðra til lækkunar eins og mengun og hávaða vegna umferðar. Afmörkun landsins í matssvæði og undirmatssvæði er sýnd á kortum í viðauka U og nánar má lesa um þau í viðauka D.

- Flatarmál eignar eftir flokkum (allt flatarmál er vergt flatarmál, þ.e. að meðtöldum útveggjum). Rými í íbúðarhúsnæði hafa verið flokkuð á níu vegu (sjá 2. töflu) til að unnt sé að vega mismikið verðmæti þeirra. Flokkar 1 til 7 eiga við íbúðarrými og eru notaðir við útreikning á bæði húsmati og lóðarmati. Flokkar 8 og 9 eru flokkanir á atvinnurýmum og eru notaðir þegar atvinnurými tengjast við íbúðareign. Flokkar 8 og 9 eru eingöngu hafðir með þegar reiknað er lóðarmat en húsmat þessara rýma er áfram reiknað með öðrum aðferðum.

2. tafla. *Verðmætaflokkun rýma*

Flokkur	**Lýsing**	**Flokkun**
1	Lokað íbúðarrými á hæð	Íbúðarflatarmál
2	Lokað íbúðarrými í kjallara	Íbúðarflatarmál
3	Lokað íbúðarrými í risi	Íbúðarflatarmál, salarhæð yfir 1,80 m
4	Lokað bílskúrsrými í séreign	Bílastæði
5	Bílastæðarými	Bílastæði
6	Svalarými	Svalir
7	Geymslurými utan íbúðar – í kjallara/risi, skúrar og annað hrátt rými	Annað
8	Hrátt atvinnurými sem aðeins telst með þegar lóðarmat er reiknað	Atvinnurými
9	Frágengið atvinnurými sem aðeins telst með þegar lóðarmat er reiknað	Atvinnurými

- Flatarmál lóðar og eignarhlutur í lóð.
- Notkunarflokkun. Við flokkun á íbúðarhúsnæði er stuðst við íslenska fitjuskrá fyrir flokk 200 (*Mannvirki*) undir staðlinum ÍST120:2012 (*Skráning og flokkun landupplýsinga*). Flokkunin í fitjuskránni er byggð á LBCS flokkunarkefinu (*Land-Based Classification Standard*), sem er amerísk-ættað flokkunarkerfi, en aðlöguð að íslenskum veruleika. Öll mannvirki fá fjögurra stafa kóða sem lýsir notkunarsviði þeirra. Kóðar eru lýsandi með þeim hætti að fyrsti stafur lýsir yfirflokki, næsti lýsir fyrsta undirflokki, þriðji stafur lýsir öðrum undirflokki og fjórði stafur lýsir þriðja undirflokki eins nákvæmlega og unnt er. Til dæmis eru íbúðar- og gistihús í flokknum 1000 en Þjóðskrá Íslands hefur skráð íbúðarmannvirki í flokkunum 1100 (sérbýlishús), 1200 (fjölbýlishús) og 1300 (sérhæft íbúðarhúsnæði). Þessu til viðbótar hefur Þjóðskrá Íslands búið til undirflokka til að koma til móts við þarfir fasteignamatsins (sjá 3. töflu).

3. tafla. *Flokkun íbúðarhúsnæðis*

Flokkur	**Birtur texti**	**Lýsing**
1101	Íbúðarhúsalóð	Óbyggð íbúðarhúsalóð
1111	Einbýlishús	Einbýlishús
1115	Einbýlishús	Einbýlishús á jörð
1116	Einbýlishús	Einbýlishús tengt jörð
1121	Raðhús	Raðhús, þrjú eða fleiri hús tengd saman
1122	Íbúðarhús	Samtengd íbúðarhús
1123	Raðhús	Sérbýlishús með þjónustu
1125	Parhús	Parhús, tvö hús tengd saman
1126	Íbúðareign	Tvíbýlishús, tvær íbúðir í sama húsi með sitt hvort fastanúmerið
1127	Ósamþykkt íbúð	Ósamþykkt íbúð í sérbýli
1200	Íbúðareign	Íbúðareign í fjölbýlishúsi, þ.e. húsi með þremur eða fleiri íbúðum
1210	Fjölbýlishús	Íbúðareign í fjölbýlishúsi þar sem íbúðareignin samanstendur af þremur eða fleiri íbúðum
1223	Íbúðareign	Íbúð í atvinnuhúsnæði
1227	Ósamþykkt íbúð	Ósamþykkt íbúð í fjölbýli
1300	Íbúðareign	Sérhæft íbúðarhúsnæði
1314	Íbúðareign	Þjónustuíbúðir, íbúðir ætlaðar öldruðum með sambyggðri þjónustu
1317	Áfangaheimili	Sérhæft íbúðarhúsnæði

- Fjöldi herbergja (stofur, eldhús, geymslur, þvottahús).
- Ummál eignar.

- Fjöldi hæða í húsi, svo og fjöldi hæða í fasteign og hvaða hæð telst aðalhæð. Dæmi: Íbúð á 4. hæð (aðalhæð) og 5. hæð í 10 hæða blokk.
- Byggingarár.
- Byggingarefni útveggja.
- Upplýsingar um hvort bílskúr, bílskýli eða bílastæði tilheyri eigninni.
- Upplýsingar um fjölda hreinlætistækja (baðker, sturta, salerni).
- Upplýsingar um hvort lyfta sé í húsi.
- Upplýsingar um hve margar íbúðir eru í húsi.
- Upplýsingar um fjölda íbúða á hæð.

Jafnframt voru aðrar breytur búnar til út frá þeim gögnum sem fengust úr fasteignaskránni. Misjafnt er eftir gerð eigna og staðsetningu hvaða breytur eiga við og mælast marktækar í útreikningi fasteignamats. Sjá má í viðauka A lista yfir allar breytur og í viðauka A.1 má sjá hvaða breytur eru notaðar til útreiknings fasteignamats í hverju líkani.

Alls byggðist tölfræðivinnsla fyrir fasteignamat íbúðarhúsnæðis 2016 á 35.363 samningum um bæði fjölbýli og sérbýli. Þessi gögn voru síðan „hreinsuð“ með það fyrir augum að halda eftir samningum sem voru nothæfir til líkangerðar. Kaupsamningum var sleppt ef upplýsingar um eignir voru ófullkomnar eða svo frábrugnar öðrum eignum að þær gætu valdið skekkju í líkangerð. Meðal annars var kaupsamningum sleppt þar sem:

- Byggingarár eignar er ekki þekkt.
- Íbúð er meira en 4 hæðir.
- Herbergi eru skráð fleiri en 20.
- Staðsetning er ekki þekkt.
- Fjármálastofnun kaupir.
- Eign hefur breyst frá gerð kaupsamnings.
- Ýmsar aðrar upplýsingar vantar.

Ellefu kaupsamningar af hverjum hundrað reyndust ekki nothæfir til líkangerðar. Eftir stóðu þá 31.531 samningur sem skiptast eins og sýnt er í 4. töflu. Kaupsamingar um tvíbýlishús voru bæði notaðir til líkangerðar fyrir sérbýli og fjölbýli á landsbyggðinni en ákveðið var síðan að meta tvíbýlishúsin með sérbýlishúsalíkönum.

Áður en líkön eru útbúin eru öll gögn tímaleiðrétt, þ.e. söluverð leiðrétt miðað við tíma. Það er gert til þess að geta borið saman eldri og nýrri samninga. Metin er hrein breyting á verði, þ.e.a.s. breyting sem er óháð eiginleikum eigna. Tímaleiðrétting var framkvæmd fyrir mismunandi landshluta, sveitarfélög og jafnvel matssvæði. Tímabilinu 1. janúar 2008 til 1.

4. tafla. *Fjöldi kaupsamninga í hverju líkani*

Landsvæði	**Sérbýli**	**Fjölbýli**
Höfuðborgarsvæðið	5.457	17.646
Landsbyggðin	5.661	3.743

apríl 2015 var skipt í styttri tímabil og áhrif hvers tímabils metin með tölfræðilegum aðferðum og allir samningar þannig færðir á verðlag í febrúar 2015. Hægt er að sjá tímaleiðréttingu í viðauka E.

5.3 Líkangerð

Við endurmat íbúðarhúsnæðis í ár voru gerð fjögur matslíkön fyrir mismunandi markaðssvæði og eignaflokka; líkön fyrir sérbýli á höfuðborgarsvæði, sérbýli á landsbyggð, fjölbýli á höfuðborgarsvæði og fjölbýli á landsbyggð. Notast var við línulega aðhvarfsgreiningu og kannað hvaða tiltækar breytur höfðu marktæk áhrif á kaupverð. Líkönin byggja á því að tengja saman logra (lógaritma) staðgreiðsluverðs og breytur sem áhrif hafa á staðgreiðsluverðið. Þegar stuðlar lágu fyrir var jöfnum umbreytt þannig að úr urðu margföldunarlíkön sem lýsa staðgreiðsluverði. Niðurstöður tölfræðigreiningar eru sýndar í viðauka F. Með hliðsjón af óvissu var metið eðlilegt að miða við 2% lægra verð á höfuðborgarsvæðinu en líkanreikningar einir og sér gefa tilefni til. Allar niðurstöður voru skoðaðar sérstaklega út frá nýjustu kaupsamningum og metið hvort ástæða væri til aðgerða. Líkönin fjögur má sjá í viðauka B og skilgreiningu breyta má sjá í viðauka A.

Sem dæmi um líkan má taka sérbýli á landsbyggðinni þar sem formúlan fyrir reiknað fasteignamat í þúsundum króna er

$$
\begin{aligned}
\mathrm{mat}_{\mathrm{reiknað}} \;=\; & 29.423 \cdot \left(\frac{\mathrm{íbflm}}{120}\right)^{0,7151} \cdot \left(1+\frac{\mathrm{bílskúrflm}}{\mathrm{íbflm}}\right)^{0,6364} \cdot \left(1+\frac{\mathrm{geymsla}}{\mathrm{íbflm}}\right)^{0,3218} \\
& \cdot 1,1634^{\mathrm{fjbílastæða}} \cdot 0,9013^{\mathrm{kjallarihlf}} \cdot 0,8200^{\mathrm{einbýlitengdjörð}} \cdot 0,8200^{\mathrm{ájörð}} \\
& \cdot 0,9327^{\mathrm{raðhús}} \cdot 0,9282^{\mathrm{parhús}} \cdot 0,8421^{\mathrm{tvíbýlishús}} \cdot 1,1966^{\mathrm{þjónustuíbúð}} \\
& \cdot 0,9327^{\mathrm{samtengdíbúðarhús}} \cdot 0,8200^{\mathrm{ósamþykktíbúð}} \cdot 0,9658^{\mathrm{2hæðir\&yfir}} \\
& \cdot 0,9810^{\mathrm{timburhús}} \cdot 0,9937^{\mathrm{aldurundir70Suðurnes}} \cdot 0,9948^{\mathrm{aldurundir70SuðogVest}} \\
& \cdot 0,9926^{\mathrm{aldurundir70Vestf,NorðvestogAustf}} \cdot 0,9944^{\mathrm{aldurundir85Norðaust}} \\
& \cdot \mathrm{lítiðland}^{0,0627} \cdot \mathrm{matssvæðisstuðull} \cdot \mathrm{undirmatssvæðisstuðull} \\
& \cdot \mathrm{skoðunarstuðull}_{\mathrm{eldri}}
\end{aligned}
$$

Hér er því 29.423.000 krónur grunnverð viðmiðunareignar sem er 120 m^2 einbýli á Sauðárkróki, byggt árið 2015, án bílskúrs, án geymslu, án bílastæðis í bílageymslu, lóð er 800 fermetrar eða meira, eignin er á einni hæð, ekki í kjallara og byggingarefni er steypa. Ef eignin víkur frá framangreindu víkur matið frá grunnverðinu. Ef til dæmis um er að ræða tvíbýlishús er matið

15,8% lægra (24.777.000 krónur) og ef íbúðarflatarmál er 125 en ekki 120 fermetrar hækkar matið um tæplega 3%, í 30.295.000 krónur.

Matsformúlur miða við fullgerðar notaeiningar (matsstig 7). Matsstigið er metið byggingarstig sem metið er af Þjóðskrá Íslands og getur verið frábrugðið byggingarstigi skráðu af byggingarfulltrúa sveitafélaga. Til þess að taka á fasteignamati allra íbúðareigna, óháð matsstigi, var búið til hlutfallslegt mat eftir matsstigum. Fyrst er reiknað fasteignamat miðað við fullbúna eign. Síðan er reiknuð leiðrétting fyrir vegið meðalmatsstig eignarinnar og sú leiðrétting sett á húsmatið. Leiðrétting er sýnd í 5. töflu. Lóðarmat eignar er óháð matsstigi þegar fasteignamat er reiknað samkvæmt þessari aðferð.

5. tafla. *Áhrif matsstigs á húsmat*

Matsstig	**Lýsing**	**Áhrif**	
		Fjölbýli	**Sérbýli**
0	Úthlutað	0%	0%
1	Byggingar- og framkvæmdarleyfi	0%	0%
2	Undirstöður	0%	0%
3	Burðarvirki reist	0%	0%
4	Fokheld bygging	40%	55%
5	Tilbúið til innréttingar	70%	79%
6	Fullfrágengið án lóðarfrágangs	96%	97%
7	Fullgerð notaeining	100%	100%
8	Tekið í notkun í byggingu	96%	97%
8-	Tekið í notkun, stutt komið	55%	67%
8,1	Tekið í notkun, tilbúið til innréttingar	70%	79%
8,2	Tekið í notkun, frágangur stutt kominn	80%	86%
8,3	Tekið í notkun, frágangur að mestu búinn	90%	93%
9	Í endurbyggingu	40%	55%
-	Annað	0%	0%

Þegar fasteign samanstendur af fleiri en tveimur íbúðum er hver íbúð metin sérstaklega með matsformúlum og heildarmat fasteignarinnar er summa af mati einstakra íbúða margfölduð með leiðréttingarstuðli sem háður er fjölda íbúða (sjá 6. töflu).

6. tafla. *Leiðréttingarstuðull fyrir fasteignir með mörgum íbúðum*

Fjöldi íbúða í fasteign	**Leiðréttingarstuðull**
3	0,9725
4	0,966
≥ 5	0,96

Í 4. kafla og viðauka G eru skilgreiningar og umfjöllum um lýsistærðir sem nota má til mælinga á gæðum fjöldamats. Í öllum fjórum líkönunum eru miðgildisfrávik (COD) og innbyrðis mismunur (PRD) um eða innan tilskilinna marka (sjá 7. töflu). Í viðauka H eru töflur sem sýna lýsistærðir til mælinga á gæðum íbúðarmats fyrir einstök matssvæði. Séu þessar niðurstöður skoðaðar kemur í ljós að miðgildisfrávikið er lægst í einsleitum hverfum á höfuðborgarsvæðinu, þar sem það er jafnvel minna en 6%. Á virkari markaðssvæðum er það innan við 15% og á nokkrum matssvæðum, þar sem mikill breytileiki er milli eigna og markaður er lítill, er miðgildisfrávik yfir 20%. Á slíkum matssvæðum er innbyrðis mismunur einnig meiri en æskilegt er, þ.e. hann er stærri en 1,03 sem þýðir að verðmeiri fasteignir eru hlutfallslega vanmetnar.

7. tafla. *Lýsistærðir líkana*

Líkan	**Tegund eigna**	**Miðgildi**	**Lægsta gildi**	**Hæsta gildi**	**PRD**	**COD**
Höfuðborgarsvæðið	sérbýli	1,0002	0,6514	1,4354	1,0143	0,0901
Landsbyggðin	sérbýli	0,9894	0,4688	2,0344	1,0304	0,1429
Höfuðborgarsvæðið	fjölbýli	1,0051	0,6768	1,4589	1,0115	0,0771
Landsbyggðin	fjölbýli	0,9937	0,6099	1,9254	1,0230	0,1225

5.4 Lóðarmat íbúðarhúsnæðis

Fasteignamat er háð hinum ýmsu eiginleikum fasteignar s.s. stærð, staðsetningu, gerð, byggingarefni og aldri. Lóðarmat er reiknað út frá svokölluðu grunnmati fasteignamats en grunnmatið inniheldur einungis þá þætti matsins sem tengjast lóðarstærð, byggingarmagni, gerð og staðsetningu fasteignar. Sem dæmi má taka sérbýli á höfuðborgarsvæðinu þar sem grunnmatið er

$$\begin{aligned}\text{grunnmat} \;=\; & 48.837 \cdot \left(\frac{\text{íbflm}}{140}\right)^{0,6945} \cdot \left(1 + \frac{\text{bílskúrflm}}{\text{íbflm}}\right)^{0,5035} \cdot \left(1 + \frac{\text{geymsla}}{\text{íbflm}}\right)^{0,4005} \\ & \cdot \left(1 + \frac{\text{risflm}}{\text{íbflm}}\right)^{0,1827} \cdot \left(\frac{\text{lóðflmál}}{400}\right)^{0,0643} \cdot 0,8200^{\text{ósamþykktíbúð}} \\ & \cdot 0,8200^{\text{ájörð}} \cdot 0,9497^{\text{raðhús}} \cdot 0,9626^{\text{parhús}} \cdot 0,8765^{\text{tvíbýlishús}} \\ & \cdot \text{matssvæðisstuðull} \cdot \text{undirmatssvæðisstuðull}\end{aligned}$$

Jöfnur fyrir grunnmat allra líkana má sjá í viðauka C. Lóðarmat er ákveðið hlutfall af grunnmati en hversu stórt hlutfallið er ræðst af staðsetningu fasteignar. Fyrir sérbýli á höfuðborgarsvæðinu er séð til þess að áhrif vegna lóðarstærðar komi fram í lóðarmati en þar er lóðarmatið

$$\text{lóðarmat}_{\text{reiknað}} = \frac{\text{lóðarstuðull svæðis} + \text{lóðarstærðarþáttur} - 1}{\text{lóðarstærðarþáttur}} \cdot \text{grunnmat}$$

Lóðarstærðarþátturinn í sérbýlislíkani höfuðborgarsvæðisins er $\left(\frac{\text{lóðflmál}}{400}\right)^{0{,}0643}$ svo lóðarmatið er gefið með jöfnunni

$$\text{lóðarmat}_{\text{reiknað}} = \frac{\text{lóðarstuðull svæðis} + \left(\frac{\text{lóðflmál}}{400}\right)^{0{,}0643} - 1}{\left(\frac{\text{lóðflmál}}{400}\right)^{0{,}0643}} \cdot \text{grunnmat.}$$

Í öðrum tilvikum er lóðarmatið reiknað sem

$$\text{lóðarmat}_{\text{reiknað}} = \text{lóðarstuðull svæðis} \cdot \text{grunnmat.}$$

Lóðarstuðla svæða má finna í viðauka D. Lóðarmat verður aldrei lægra en 1% af grunnmati.

Flatarmálsstærðir sem notaðar eru við útreikning á grunnmati eru óháðar matsstigi fasteignar, þ.e. allt skráð flatarmál er notað. Lóðarmat er því einnig óháð matsstigi fasteignar.

Að reikna lóðarmat sem hlutfall af grunnmati var tekið upp í endurmati árið 2012. Áður hafði byggingarefni, hæðafjöldi, fjöldi hreinlætistækja og fleiri þættir áhrif á lóðarmatið. Með tilkomu grunnmatsins hefur lóðarmat verið einfaldað og meira jafnræði næst á milli fasteignaeiganda. Nú er t.d. lóðarmat tveggja jafn stórra einbýlishúsa á jafn stórum lóðum á sama matssvæði hið sama, óháð byggingarlagi húsanna.

Í endurmatinu 2013 varð sú nýbreytni að óbyggðar íbúðarhúsalóðir voru metnar með sömu aðferð og byggðar íbúðarhúsalóðir. Þetta var gert til að samræma mat á óbyggðum íbúðarhúsalóðum og lóðum sem byrjað er að byggja á. Fyrir óbyggðar íbúðarhúsalóðir á höfuðborgarsvæðinu er grunnmatið reiknað sem

$$\begin{aligned} \text{grunnmat} &= 48.837 \cdot \left(\frac{0{,}75 \cdot \text{lóðflmál} \cdot \text{nýtingarhlf}}{140}\right)^{0{,}6945} \cdot \left(\frac{\text{lóðflmál}}{400}\right)^{0{,}0643} \\ &\quad \cdot \text{matssvæðisstuðull} \cdot \text{undirmatssvæðisstuðull} \end{aligned}$$

þar sem $0{,}75 \cdot \text{lóðflmál} \cdot \text{nýtingarhlf}$ er áætlað íbúðarflatarmál út frá skráðu nýtingarhlutfalli. Íbúðarflatarmál er þó að hámarki 500 m^2 og að lágmarki 70 m^2. Á tilsvarandi hátt er grunnmat óbyggðra íbúðarhúsalóða á landsbyggðinni reiknað sem

$$\begin{aligned} \text{grunnmat} &= 29.423 \cdot \left(\frac{0{,}75 \cdot \text{lóðflmál} \cdot \text{nýtingarhlf}}{120}\right)^{0{,}7151} \cdot \text{lítiðland}^{0{,}0627} \\ &\quad \cdot \text{matssvæðisstuðull} \cdot \text{undirmatssvæðisstuðull.} \end{aligned}$$

Ekki voru allar óbyggðar íbúðarhúsalóðir færðar yfir í þessa aðferð því í einhverjum tilfellum vantaði lóðarstærð og/eða nýtingarhlutfall. Eins voru mjög stórar íbúðarhúsalóðir skildar eftir í eldri matsaðferðum.

5.5 Skoðunarkerfi til endurskoðunar fasteignamats

Matsaðferðir íbúðarhúsnæðis byggja á líkönum sem fundin eru með línulegri aðhvarfsgreiningu eins og lýst er í 4. kafla. Þessi líkön byggja, eins og lýst er að framan, á upplýsingum úr fasteignaskrá. Segja má að matslíkönin leggi sjálfkrafa mat á meðalástand og meðalgæði í

hverju matshverfi, að því gefnu að þær eignir sem selst hafa séu dæmigerðar fyrir svæðið. Vegna þessa geta eignir sem víkja verulega frá meðalástandi og meðalgæðum svæðis verið annað hvort of- eða vanmetnar.

Til þess að áhrif ástands og gæða kæmu fram í fasteignamatinu var búið til skoðunarkerfi. Kerfið byggir á skoðun matsmanns og skiptist í þrjá hluta:

- Lóð.
- Mannvirki að utan.
- Mannvirki að innan.

Hver þessara þátta fær síðan gæðaeinkunn og ástandseinkunn. Fæstar lóðir eru þó frábrugðnar öðrum lóðum á sínu matssvæði. Einkunn mannvirkis skiptist í einkunn fyrir mannvirki að innan og mannvirki að utan. Gæða- og ástandseinkunn er síðan gefin fyrir báða hluta. Þjóðskrá Íslands hefur útbúið skoðunarhandbók sem lýsir hvernig húsnæði er flokkað samkvæmt einkunnum í 8. töflu. Kerfið er þannig uppsett að langflest hús lenda í meðalflokki. Hverjum flokki er nánar lýst í skoðunarhandbók, en t.d. er flokki 1– í gæðum utanhúss lýst með „Einföld húsbygging að allri gerð og efnisgæðum, t.d. ef utanhúsklæðning er skarklæðning, rásaður krossviður, ódýr plastklæðning eða allur frágangur einfaldari og lakari en í flokki 1 eða atvinnuhúsnæði er á jarðhæð og íbúðir á hæðum þar fyrir ofan“. Slíkt hús, sem að öðru leyti er í meðallagi, fengi 8% lægra fasteignamat en hús þar sem allar einkunnir eru í meðallagi.

8. tafla. *Einkunnir fyrir skoðunarkerfi*

Lóð										
Gæði/staðsetning					Ástand/frágangur					
–		1	+		–		1	+		
93%		100%	106%		97%		100%	103%		
Mannvirki að utan										
Gæði					Ástand					
2–	1–	1	1+	2+	A		B	C	D	E
78%	92%	100%	104%	107%	100%		97%	90%	75%	56%
Mannvirki að innan										
Gæði					Ástand					
2–	1–	1	1+	2+	A		B	C	D	
88%	93%	100%	105%	109%	100%		98%	94%	85%	

Leiðréttingar vegna ástands margfaldast saman og mynda tvær heildareinkunnir.

1. Skoðunarstuðull húss hefur áhrif á húsmat (sem er skilgreint sem mismunur mats og lóðarmats). Skoðunarstuðull húss samanstendur af einkunnum fyrir mannvirki að utan og mannvirki að innan.

2. Skoðunarstuðull lóðar hefur áhrif á lóðarmat.

Sem dæmi fengi eign, sem fellur í flokk 1+ í gæðum að utan, flokk B í ástandi að utan, flokk B í ástandi að innan og flokk + fyrir gæði/staðsetningar lóðar, en væri að öðru leyti í meðallagi, húseinkunnina $1{,}04 \cdot 0{,}97 \cdot 0{,}98 = 0{,}9886$ og lóðareinkunnina $1{,}06 \cdot 1 = 1{,}06$

Meðalástand matssvæðisins hefur einungis áhrif á húsmatið en ekki lóðarmatið. Þannig að ef matssvæðið í dæminu hér að ofan væri með meðalástand 0,99 þá væri skoðunarstuðull húss $= \frac{0{,}9886}{0{,}99} = 0{,}9986$ en fyrir lóðina væri skoðunarstuðull lóðar = 1,06 þar sem meðalástand matssvæðisins hefur ekki áhrif. Þessi áhrif margfaldast síðan við jöfnur í viðauka B (sjá nánar í kafla 5.7).

5.6 Eldri skoðunarupplýsingar

Á tímabilinu 1997 til 2000 studdist fasteignamat við byggingarkostnaðarmat. Áður en eign var metin var hún skoðuð samkvæmt skilgreindu skoðunarblaði. Á skoðunarblaðinu komu fram ýmsar gæða- og ástandseinkunnir. Skoðunin byggðist á samanburði við vísitöluhús Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins. Meðaleinkunn var gefin ef eignin var í samræmi við vísitöluhúsið en síðan voru skilgreindar tvær einkunnir niður á við (0, –) og þrjár upp (+, 2, 3). Ekki þótti verjandi að nota gamlar ástandseinkunnir, en ákveðið var að kanna hvort gæðaeinkunnirnar væru enn marktækar. Um er að ræða gæði frágangs útveggja (UV), gæði þaks (TH), gæði glugga (GLU), gæði útihurða (UH), gæði frágangs lofta, gólfa og veggja (IFR), gæði innihurða (IH), gæði fastra innréttinga (INR) og gæði hreinlætistækja (HRL). Til að kanna hvort þessar gæðaeinkunnir væru enn verðmætar var á árinu 2010 kannað hvort þessir skoðunarþættir gætu betrumbætt þá þegar ákvarðaðar matsformúlur. Það var gert með tölfræðilegri athugun á gögnum fyrir höfuðborgarsvæðið ásamt gögnum fyrir Suður- og Vesturland.

Gæðaeinkunnunum var breytt í talnaeinkunn (sbr. 9. töflu).

9. tafla. *Gæðaeinkunn yfir í talnaeinkunn*

Gæðaeinkunn	0	-	1	+	2	3
Talnagildi	1/3	2/3	1	4/3	5/3	2

Búið var til tölfræðilíkan, sem tengdi saman logra af hlutfalli milli tímaleiðrétts staðgreiðsluverðs og mats samkvæmt líkani og logra talnagildis gæðaeinkunna, þ.e.

$$\begin{aligned}\log(\text{söluverð}) - \log(\text{mat}) = \beta_0 \quad &+ \quad \beta_{\text{UV}} \cdot \log(\text{UV}) + \beta_{\text{TH}} \cdot \log(\text{TH}) \\ &+ \quad \beta_{\text{GLU}} \cdot \log(\text{GLU}) + \beta_{\text{UH}} \cdot \log(\text{UH}) \\ &+ \quad \beta_{\text{IFR}} \cdot \log(\text{IFR}) + \beta_{\text{IH}} \cdot \log(\text{IH}) \\ &+ \quad \beta_{\text{INR}} \cdot \log(\text{INR}) + \beta_{\text{HRL}} \cdot \log(\text{HRL})\end{aligned}$$

Niðurstöður voru þær að allir stuðlar voru marktækir, nema fastinn (β_0) og gæðaeinkunnir glugga (β_{GLU}) og innihurða (β_{IH}). Því var ákveðið að mynda einföld meðaltöl fyrir ytri skoðunarþætti annars vegar og innri skoðunarþætti hins vegar (aðra en GLU og IH), sem síðar voru lögð til grundvallar við mat. Svipaðar niðurstöður fengust fyrir fjölbýli.

Einkunn fyrir ytri skoðunarþætti er því meðaltal af einkunnum fyrir frágang útveggja, gæði þaks og gæði hurða og fyrir innri skoðunarþætti er einkunnin meðaltal af einkunnum fyrir frágang veggja, gólfa og lofta, gæði innréttinga og gæði hreinlætistækja. Niðurstaða tölfræðigreiningar á þessum einkunnum fyrir árið 2011 leiddi til þess að hvor um sig var hafin í veldi og síðan var niðurstaðan notuð til að leiðrétta mat, þó þannig að aðeins var leiðrétt þar sem áhrif þeirra voru umfram 3%.

Í fasteignamatinu 2016 var gamla gæðaleiðréttingin meðhöndluð eins og hver önnur breyta við gerð líkana og þannig fékkst skoðunarstuðull fyrir eignir með gæðaeinkunn samkvæmt vélmati. Skoðunaráhrif þessi hafa ekki áhrif á lóðarmatið.

5.7 Lokafrágangur fasteignamats

Eins og fram kom í köflum 5.5 og 5.6 eru eldri skoðunarupplýsingar meðhöndlaðar sem breytur í líkanagerð en ekki nýrri skoðunarupplýsingar. Ef fasteign hefur nýja skoðun hafa eldri skoðunaráhrif ekki lengur gildi. Í lokafrágangi á fasteignamati er ný skoðun látin verka á fasteignamat og lóðarmat jafnframt því sem upphæðir eru snyrtar. Skoðunarstuðlarnir sem fást út úr nýju skoðuninni eru annars vegar skoðunarstuðull húss og hins vegar skoðunarstuðull lóðar. Sá fyrri er látinn verka á húsmatið, þ.e. mismun mats og lóðarmats, en sá síðari eingöngu á lóðarmatið. Fasteignamat fasteignar verður

$$\begin{aligned} \text{mat} &= (\text{mat}_{\text{reiknað}} - \text{lóðarmat}_{\text{reiknað}}) \cdot \text{skoðunarstuðull}_{\text{húss}} \\ &+ \text{lóðarmat}_{\text{reiknað}} \cdot \text{skoðunarstuðull}_{\text{lóðar}} \end{aligned}$$

og lóðarmat

$$\text{lóðarmat} = \text{lóðarmat}_{\text{reiknað}} \cdot \text{skoðunarstuðull}_{\text{lóðar}}$$

þar sem $\text{mat}_{\text{reiknað}}$ er fasteignamat samkvæmt líkönum í kafla 5.3, $\text{lóðarmat}_{\text{reiknað}}$ er samkvæmt jöfnum í kafla 5.4 og $\text{skoðunarstuðull}_{\text{húss}}$ og $\text{skoðunarstuðull}_{\text{lóðar}}$ eru skoðunarstuðlar samkvæmt skoðunarkerfi (sjá kafla 5.5). Ef fasteign hefur ekki verið skoðuð samkvæmt nýju skoðunarkerfi eru skoðunarstuðlarnir báðir 1 og þá er

$$\text{mat} = \text{mat}_{\text{reiknað}}$$

og

$$\text{lóðarmat} = \text{lóðarmat}_{\text{reiknað}}$$

Að lokum eru upphæðirnar sem fást úr mati og lóðarmati námundaðar samkvæmt 10. töflu. Ef fasteign reiknast til dæmis með mat upp á 23.462.789 kr. og lóðarmat upp á 3.283.950 kr. þá námundast matið í 23.450.000 kr. og lóðarmatið í 3.280.000 kr.

10. tafla. *Námundun á matstölum*

Upphæð í kr.	**Námundun**
0-999.999	Námundað að næsta 1.000
1.000.000 - 1.999.999	Námundað að næsta 5.000
2.000.000 - 9.999.999	Námundað að næstu 10.000
$\geq$ 10.000.000	Námundað að næstu 50.000

6 Tekjuaðferð

Stór hluti skrifstofu- og verslunarhúsnæðis ásamt húsnæði fyrir léttan iðnað er metinn fjöldamati með tekjuaðferð. Safnað er upplýsingum úr nýlegum leigu- og kaupsamningum ásamt upplýsingum úr fasteignaskrá um eiginleika fasteigna og tölfræðilegar aðferðir notaðar til að útbúa líkön sem lýsa fermetraleiguverði og ávöxtunarkröfu. Útbúin voru þrjú leigulíkön, eitt fyrir skrifstofueignir, eitt fyrir verslunareignir og eitt fyrir eignir fyrir léttan iðnað. Einnig voru útbúin líkön sem lýsa ávöxtunarkröfu eignaflokka.

6.1 Uppsöfnuð skekkja

Í endurmati fasteignamats árið 2014 fyrir árið 2015 var tekjumati beitt í fyrsta sinn við endurmat atvinnueigna. Breytingum á matsaðferðum var ætlað að gera tvennt, annars vegar að laga skekkju milli gangverðs og fasteignamats og hins vegar að tryggja jafnræði þannig að samskonar eignir á sama stað hefðu sama fasteignamat. Það hefur lengi verið ljóst að skekkja milli gangverðs og fasteignamats atvinnueigna var til staðar. Þessi skekkja sést vel á 5. mynd. Línuritið sýnir hlutfall fasteignamats og kaupverðs. Annars vegar er um að ræða ársmeðaltal af hlutfalli fasteignamats og kaupverðs þegar kaupsamningur er gerður. Hins vegar er um að ræða ársmeðaltal af hlutfalli fasteignamats 2015 og kaupverðs. Hlutfall nálægt 100% þýðir fullkomið jafnvægi á milli fasteignamats og kaupverðs þ.e. að fasteignamat og kaupverð sé að meðaltali hið sama. Það er eðlilegt að þetta hlutfall sé undir 100% þegar verðlag fer hækkandi þar sem fasteignmat er á verðlagi undangengins árs (fasteignamat ársins 2015 er á verðlagi febrúar 2014 sem dæmi). Fasteignamat er einnig grunnur fasteignagjalda og nýtur eigandinn vafans ef einhver er.



5. mynd. *Hlutfall fasteignamats og kaupverðs eigna í tekjuaðferð.*

Sé hlutfall fasteignamats og kaupverðs á samningsári skoðað sést að árið 2007 var umtalsverður munur á fasteignamati og kaupverði, fasteignamatið var að meðaltali minna en 65% af kaupverði. Sá munur minnkaði til ársins 2010. Helstu skýringin var lækkandi verðlag og nokkuð stöðugt fasteignamat. Eftir 2010 jókst munurinn aftur og hefur mat verið að meðaltali um 80% af kaupverði seinustu ár.

Sé hlutfall fasteignamats 2015 og kaupverðs skoðað er áhugavert að skoða punktinn fyrir árið 2014 því fasteignamatið 2015 er á verðlagi febrúar 2014. Þar sést að matið er u.þ.b. 7% undir kaupverði eða mjög nálægt því að vera í 5% öryggismörkum sem er sú lækkun sem sett var á matið til þess að koma til móts við óvissu nýs fasteignamats. Ástæða þess að matið er aðeins undir 5% öryggismörkum stafar m.a. af því að verðlag hækkaði á árinu og margir samningar því gerðir á hærra verðlagi en febrúar 2014.

Ein leið til þess að leiðrétta skekkjuna sem upp var komin hefði verið að hækka markaðsleiðrétt kostnaðarmat um 20% (eins og til dæmis var gert með framreikningi árið 2007). Sú lausn hefði þó aðeins tekið á vandamálinu sem fólst í mun á heildarmati og heildarkaupverði en ekki á vandamálinu sem fólst í innbyrðis skekkju milli eigna.

Innbyrðis skekkja var tilkomin af nokkrum ástæðum. Helsta ástæðan var sú að endurmat þessara eigna fór síðast fram árið 2001 og frá þeim tíma fram að 2015 var matinu viðhaldið með framreikningi sem oftast hækkaði mat eins á öllu landinu. Slík einföldun getur myndað skekkju milli svæða þar sem þróun er sjaldan í takt alls staðar til langs tíma. Skekkja getur enn fremur verið til staðar innan sveitarfélags, þar sem breytingar á atvinnuháttum eða búsetumynstri mynda staðbundna skekkju. Önnur ástæða fyrir skekkju milli eigna er tengingin við byggingarkostnað. Atvinnuhúsnæði var áður metið með markaðsleiðréttu kostnaðarmati en það leiðréttir fyrir sveiflum á milli byggingarkostnaðar og gangverðs en ekki fyrir staðsetningu, mismunandi verðþróun byggingarefna eða fyrir framþróun í byggingartækni. Tvö hús, hlið við hlið, jafn gömul, annað úr steypu en hitt úr timbri sem þjóna nákvæmlega sama tilgangi geta verið mismunandi metin með markaðsleiðréttu kostnaðarmati ef verðþróun timburs og steypu hefur verið mismunandi. Með tekjuaðferð myndu þessar eignir eingöngu vera mismunandi metnar ef hægt væri, tölfræðilega, að sýna fram á að markaðurinn meti timbur- og steypuhús mismunandi. Markaðsleiðrétt kostnaðarmat hefur frá upphafi haft takmörkuð staðsetningaráhrif. Slíkum áhrifum væri hægt að bæta við, sérstaklega í ljósi þess að Þjóðskrá Íslands hefur nú mun betri landupplýsingar en árið 2001, hins vegar myndi slík endurbót ekki leysa önnur vandamál markaðsleiðréttts kostnaðarmats.

Allar matsaðferðir Þjóðskrár Íslands miða að því að finna gangverð lögum samkvæmt. Til þess að tryggja þetta eru kaupsamningar alltaf hafðir til hliðsjónar í öllum aðferðum. Þess vegna skiptir ekki máli fyrir heildarfasteignamat eigna hvort notað er markaðsmat, tekjumat eða markaðsleiðrétt kostnaðarmat. Hvaða aðferð verður fyrir valinu ræðst af fyrirliggjandi gögnum. Fyrir skrifstofu- og verslunareignir og eignir fyrir léttan iðnað eru leigu- og kaupsamningar taldir gefa bestu mynd af gangverði og því eru þeir notaðir.

6.2 Gagnasafn tekjumats

Tölfræðivinnsla fyrir tekjumat 2016 byggist á gögnum um 5.000 leigusamninga sem gerðir voru frá 1. janúar 2004 til 1. mars 2015 ásamt um það bil 3.200 kaupsamningum sem gerðir voru frá 1. júlí 2006 til 1. mars 2015. Í meginatriðum er um að ræða alla samninga sem hafa upplýsingar um verð og uppfylla eftirfarandi kröfur:

Fyrir kaupsamninga

- **Samningur um eina fasteign.** Í samningum um fleiri en eina fasteign er ekki hægt að áætla hversu stór hluti kaupverðs er vegna tiltekinnar eignar og slíkir samningar því ekki teknir með.
- **Samningur um heila fasteign.** Sé fasteign seld að hluta, t.d ef um kaup á 50% af fasteign er að ræða, var samningurinn ekki tekinn með.
- **Samningur á milli óskyldra aðila.** Ef viðskipti voru milli skyldra aðila var samningur ekki tekinn með. Skyldir aðilar eru t.d. félög í eigu sama aðila, hjón eða fólk í sambúð, foreldrar og börn eða barnabörn. Hvort um sé að ræða viðskipti milli skyldra aðila byggir á mati sérfræðinga Þjóðskrár Íslands.

Fyrir leigusamninga

- **Hið leigða rétt rýmistegund.** Leigusamningar um verslunarrými, skrifstofurrými, iðnaðarrými, lager-/geymslurrými eða stóra sali voru notaðir. Samningar um önnur rými svo sem rými til afnota fyrir farsímabúnað voru undanskildir.

Eftirfarandi upplýsingum um kaupsamninga var safnað úr kaupskrá sem er gagnagrunnur um kaupsamninga.

- Dagsetning kaupsamnings, dagur/mánuður/ár.
- Kaupverð.
- Hvort kaupandi/seljandi var fjármálastofnun.
- Matsstig eignarinnar við sölu (er mögulega annað er það sem skráð er).

Eftirfarandi upplýsingum var safnað úr leigusamningum.

- Upphafsdagur leigu, dagur/mánuður/ár.
- Leiguverð.
- Flatarmál hins leigða.
- Gerð hins leigða rýmis; verslunarrými, skrifstofurými, iðnaðarrými, lager-/geymslurými eða salur.
- Upplýsingar um á hvaða hæð/hæðum hið leigða rými er.
- Hvort leigusali er fjármálastofnun.

Ekki eru til nægir kaupsamningar til þess að hægt sé að nota þá eingöngu eins og gert er fyrir íbúðarhúsnæði. Ástæðurnar fyrir því eru nokkrar. Ekki nema hluta af gerðum kaupsamningum er þinglýst. Sé samningum ekki þinglýst er ekkert vitað um raunverulegt kaupverð og því ekki hægt að nota þá við gerð fasteignamats. Eignaskipti eiga sér einnig stað í auknu mæli með yfirtökum á félögum eða kaupum á hlutabréfum en ekki með kaupum á fasteignum. Við slíkan gjörning verður engin eigendabreyting í fasteignaskrá og því virðast engin viðskipti hafa átt sér stað. Þriðja ástæðan er fjölgun og vöxtur fasteignafélaga sem byggja og kaupa eignir til útleigu. Þessi fjölgun dregur úr sölumarkaði en eykur leigumarkað. Af þessum sökum er ekki hægt að treysta eingöngu á gerða kaupsamninga þar sem þeir endurspegla ekki nema hluta af markaðinum og eru líklegast ekki lýsandi fyrir allan markaðinn. Leigusamningar eru því notaðir til þess að aðstoða við gerð fasteignamatsins en niðurstaðan er eftir sem áður líklegt gangverð í febrúar næst á undan matsgerð.

Fyrir þær eignir sem til eru kaup- eða leigusamningar um eru jafnframt sóttar skráningarupplýsingar og matsforsendur í fasteignaskrá. Meðal annars eru sóttar upplýsingar um eftirfarandi atriði

- Staðsetning eignar. Búið er að hnitsetja stóran hluta atvinnueigna á Íslandi og eru hnit þeirra skráð í staðfangaskrá. Hnitin eru notuð til að ákvarða staðsetningu eignar í matssvæði og undirmatssvæði. Höfuðborgarsvæðinu var skipt í 31 matssvæði en á landsbyggðinni var stuðst við nánast sömu matssvæði og í íbúðarmati. Undirmatssvæði eru þau svæði þar sem staðbundin verðlagsáhrif er að finna svo sem vegna umferðar, útsýnis eða vegna þess að staðsetningin er sérlega hentug undir ákveðna starfsemi. Flest þeirra undirmatssvæða sem skilgreind hafa verið fyrir tekjumat eru verslunarmiðstöðvar. Skiptingu landsins í matssvæði og undirmatssvæði má sjá í viðauka U og nánar má lesa um þau í viðauka K.
- Flatarmál lóðar.
- Botnflatarmál matshluta.
- Fjöldi hæða í húsi
- Byggingarár/afskriftarár. Afskriftarár er hagrænn aldur húsnæðis en er ekki endilega bundinn við byggingarár. Byggingarár er það ár sem eign er skráð fokheld en afskriftarár er annaðhvort jafnt byggingarári eða það ár sem eignin var endurbyggð. Sem dæmi þá hafa flestar eignir sem eru eldri en 100 ára verið endurnýjaðar mikið og í sumum tilfellum alveg endurbyggðar. Slíkar eignir hafa mismunandi byggingar- og afskriftarár. Aldursáhrif í matslíkönum miða við afskriftarár.
- Byggingarefni útveggja.
- Upplýsingar um hvort lyfta sé í húsi.
- Flatarmál rýma eftir flokkum, hæð o.fl. Rými eigna eru flokkuð út frá skráningu eða skoðun. Þau eru misverðmæt og sum þeirra bera ekki mat en rýmisflokkana má sjá í 11. töflu. Rými sem ekki bera mat eru rými sem eru nauðsynleg fyrir bygginguna en nýtast

ekki leigutaka beint, t.d. tæknirými og rými með mjög litla lofthæð. Flokkunin er mjög mikilvæg fyrir matsútreikninga og því skiptir miklu máli að þær skráningarupplýsingar sem berast Þjóðskrá Íslands séu réttar.

11. tafla. *Flokkun rýma*

Lýsing	**Matsáhrif?**
Skrifstofa	já
Verslun	já*
Iðnaður	já
Vörugeymsla	já
Salur	já
Íbúðarrými	já
Annað	nei
Bílageymsla, lokað rými	já**
Bílageymsla, opið rými	já**
Rými undir 1,8 metrum	nei

**Veitingarekstur er metinn eins og verslun. ** Hefur áhrif í sumum líkönum.*

- Tegund eignar. Tegund eignar ræðst af flokkun rýma. Séu flestir fermetrar flokkaðir sem skrifstofur eða salur þá er tegundin skrifstofa, ef flestir fermetrar eru flokkaðir sem verslun þá er tegundin verslun en annars iðnaður. Endurflokkun rýma getur því valdið því að eign skipti um tegund.
- Innri og ytri gæði og ástand (sjá nánar kafla 6.5).

Jafnframt voru aðrar breytur búnar til úr þeim gögnum sem fengust úr fasteignaskrá. Í viðauka I má sjá lista yfir allar breytur sem notaðar eru til útreiknings fasteignamats.

Áður en líkön eru útbúin eru öll gögn tímaleiðrétt, þ.e. leigu- og söluverð leiðrétt miðað við tíma. Það er gert til þess að geta borið saman eldri og nýrri samninga. Metin er hrein breyting á verði, þ.e.a.s. breyting sem er óháð eiginleikum eigna. Tímaleiðrétting var framkvæmd fyrir mismunandi eignategundir en tímaleiðréttingu fyrir leigusamninga um atvinnuhúsnæði má sjá í viðauka L.

6.3 Líkangerð tekjumats

Fasteignamat á grundvelli tekjumats miðar, eins og aðrar matsaðferðir, að því að finna gangverð í febrúarmánuði næst á undan matsgerðinni. Matslíkan fyrir tekjuaðferð er í sinni einföldustu mynd lýst sem sambandi tekna og ákveðinnar ávöxtunarkröfu.

$$\text{fasteignamat} = \frac{\text{tekjur}}{\text{ávöxtun}} = \frac{\text{leiguverð á m}^2 \cdot \text{stærð} \cdot 12}{\text{ávöxtun}}$$

Til þess að finna fasteignamatið þarf því að áætla tekjur og ávöxtunarkröfu þeirra tekna. Tekjur eru áætlaðar með líkönum sem lýsa tekjuöflunarhæfni eigna en ávöxtunarkrafan er fundin með því að bera þessar væntu tekjur saman við gerða kaupsamninga.

Fyrsta skrefið í tekjumati er að meta tekjur sem hafa má af eignum. Með tekjum sem hafa má af eign er átt við tekjur leigusala. Þessar tekjur geta verið margvíslegar, beinar leigutekjur fyrir afnotarétt af rýmum, hlutfall af veltu leigutaka, leigutekjur vegna afnota af útveggjum til auglýsinga, tekjur vegna uppsetningu farsímamastra og svo framvegis. Í tekjulíkönunum sem kynnt eru hér á eftir er horft á beinar leigutekjur vegna afnotaréttar af rýmum. Það er þó ekki ómögulegt að aðrar tekjur af eignum verða teknar með í framtíðinni. Ekki er horft á tekjur eða veltu leigutaka við gerð þessara líkana. Því munu tvær eins eignir á sama stað, önnur með leigutaka sem skilar miklum hagnaði en hin eignin með leigutaka sem skilar engum tekjum, fá sama fasteignamat. Leigutekjur sem miðað er við eru brúttótekjur. Þó er rekstrar- og hússjóðsgjald ekki reiknað með. Notast var við línulega aðhvarfsgreiningu og kannað hvaða tiltækar breytur höfðu marktæk áhrif á leiguverð. Útbúin voru þrjú leigulíkön; skrifstofu-, verslunar- og iðnaðarlíkan. Hvaða líkan er notað við útreikninga fasteignamats ræðst af tegund eignar en tekjurnar eru reiknaðar niður á rými og síðan lagðar saman til að finna heildartekjur. Öll leigulíkönin reikna fermetraverð. Sem dæmi þá er líkanið fyrir fermetraverð sérhvers rýmis i í fasteign sem metin er með skrifstofulíkani eftirfarandi:

$$\begin{aligned}\text{leiguverð á } \mathrm{m}^2_{\text{rými } i} = {} & 1.983 \cdot 1{,}059^{\text{verslungötuhæð}} \cdot 0{,}870^{\text{iðnaður}} \cdot 0{,}757^{\text{geymsla}} \cdot 0{,}993^{\text{aldurundir30}} \\ & \cdot 0{,}812^{\text{kjallariekkiverslun}} \cdot 0{,}484^{\text{kjallariverslun}} \cdot 1{,}017^{\text{4hæðireðafleiri}} \\ & \cdot 0{,}902^{\text{ánlyftuyfir2haed}} \cdot 1{,}029^{\text{skrifstofayfir3haed}} \cdot 0{,}894^{\text{timbur}} \\ & \cdot (1 + \text{bílageymsla})^{0{,}275} \cdot \text{gæði} \cdot \text{ástand}\end{aligned}$$

Þetta þýðir að nýtt skrifstofurými á fyrstu eða annarri hæð í þriggja hæða skrifstofueign, byggðri úr steypu, í meðalgæðum og -ástandi reiknast á 1.983 krónur fermetrinn. Sé rýmið í kjallara er það 18,8% ódýrara (stuðullinn við kjallara er 0,812). Hægt er að sjá öll leigulíkön í viðauka J.

Ein breyta er nokkuð frábrugðin öðrum breytum en það er breytan þéttleikastuðull sem finna má í verslunarlíkaninu. Þéttleiki er mæling á hversu mikið af verslunarhúsnæði er staðsett nálægt því verslunarhúsnæði sem verið er að meta og eftir því sem stuðullinn er hærri er þéttleiki verslana meiri. Hann er einungis notaður ef um er að ræða verslunareign á höfuðborgarsvæðinu og ekki er um að ræða verslunarmiðstöð. Sé þéttleiki undir 1,5 þá er þéttleikastuðullinn settur sem 1 en annars er hann reiknaður með eftirfarandi formúlu:

$$\text{þéttleikastuðull} = 1{,}22^{\text{þéttleiki - 1,5}}$$

Í 4. kafla og viðauka G eru skilgreiningar og umfjöllun um lýsistærðir sem nota má til mælinga á gæðum fjöldamats. Í öllum leigulíkönum eru miðgildisfrávik um 20% og innbyrðis mismunur á bilinu $1,055 - 1,092$ (sjá nánar 12. töflu).

Þegar búið er að meta leigutekjur þarf að áætla hversu mikið eigandi er tilbúinn að greiða fyrir þær eða með öðrum orðum hversu stóran hluta af sinni fjárfestingu eigandinn vill fá

12. tafla. *Lýsistærðir líkana*

Leigulíkan	Miðgildi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	PRD	COD
Skrifstofulíkan	1,009	0,428	1,756	1,054	0,176
Verslunarlíkan	0,990	0,400	2,475	1,099	0,245
Iðnaðarlíkan	0,998	0,419	2,045	1,064	0,196

árlega til baka. Ávöxtunarkrafan sem miðað er við er brúttóávöxtun og þarf að standa straum af verðbólgu, fasteignagjöldum, viðhaldi, áhættu og ávöxtun fjárfestis. Gert var líkan þar sem hlutfalli væntra tekna (samkvæmt leigulíkönum) og kaupverðs er lýst sem falli af tegund eignar og staðsetningu. Niðurstaðan var hærri ávöxtunarkrafa fyrir verslunar- og skrifstofueignir en fyrir iðnaðareignir. Þó eru mikil staðsetningaráhrif og því er ávöxtunarkrafan breytileg eftir svæðum. Heildarstaðsetningaráhrif leigu og ávöxtunar má sjá í viðauka K.

13. tafla. *Viðmiðunarávöxtunarkrafa*

Eignaflokkur	Ávöxtunarkrafa
Skrifstofueignir	12,3%
Verslunareignir	12,2%
Iðnaðareignir	10,6%

Eins og í öðrum matsaðferðum þá hefur matsstig áhrif á fasteignamat eigna í tekjumati. Í 14. töflu má sjá þessi áhrif eftir tegund eignar. Áhrif af matsstigi eru niður á rými.

14. tafla. *Áhrif matsstigs á mat rýmis í tekjumati*

Matsstig	Skrifstofa	Verslun	Léttur iðnaður
Undir 4	0%	0%	0%
4	35%	35%	50%
5	66%	66%	76%
6	95%	95%	97%
7	100%	100%	100%
8	95%	95%	97%
9	35%	35%	50%

6.4 Lóðarmat tekjumats

Grunnmat tekjumats er sá hluti matsins sem er ekki háður eiginleikum bygginga umfram stærð og tegund. Til dæmis er líkanið fyrir grunnmat sérhvers rýmis í skrifstofueign eftirfarandi:

$$\text{leiguverð á m}^2 \quad = \quad 1.983 \cdot 0{,}870^{\text{iðnaður}} \cdot 0{,}757^{\text{geymsla}}$$

Lóðarmat er fundið sem hlutfall af grunnmati en hversu stórt hlutfallið er ræðst af staðsetningu. Dýrari svæði hafa hærri lóðarstuðul. Þetta þýðir að á dýrari svæðum ræðst hlutfallslega stærri hluti verðmætis af lóðarmati en á ódýrari svæðum.

$$\text{Lóðarmat} \quad = \quad \text{grunnmat} \cdot \text{lóðarstuðull svæðis}$$

Lóðarmatsstuðla má sjá í viðauka K.

6.5 Skoðunarkerfi tekjumats

Skoðunarkerfi tekjumatsins skiptist í ytri skoðun og innri skoðun. Frá ársbyrjun 2012 og fram að endurmati 2014 var unnið að því að skoða að utan allar eignir sem fara áttu í endurmat með tekjuaðferð. Lagt var mat á tvennt, annars vegar gæði byggingarlags og hins vegar ástand. Gæði taka mið af íburði efna og hönnunar en eru óháð ástandi. Ástand tekur mið af viðhaldsþörf. Flestar eignir voru í endurmati 2014 í meðalgæðum og í meðalástandi. Í 15. töflu má sjá einkunnir fyrir mismunandi gæði og ástand. Gæði skiptast í 5 flokka, einn meðalflokk og tvo flokka upp og tvo flokka niður. Ástand skiptist einnig í 5 flokka, einn meðal, einn yfir meðal en 3 undir meðaltali.

15. tafla. *Einkunnir fyrir skoðunarkerfi tekjumats*

Mannvirki að utan									
Gæði					Ástand				
2–	1–	1	1+	2+	A	B	C	D	E
72,3%	85%	100%	110%	121,1%	105%	100%	90%	72,2%	61,4%

Mannvirki að innan verslanir og iðnaður									
Gæði					Ástand				
2–	1–	1	1+	2+	A	B	C	D	E
88%	93%	100%	105%	109%	102%	100%	96%	87%	70%

Mannvirki að innan skrifstofur									
Gæði					Ástand				
2–	1–	1	1+	2+	A	B	C	D	E
80%	88%	100%	105%	109%	102%	100%	96%	87%	70%

Innri skoðun fór ekki fram fyrir endurmatið 2014 og því gat munað talsvert á raunástandi og meðalástandi og á raungæðum og meðalgæðum. Gert var ráð fyrir að allar eignir væru í

meðalástandi og meðalgæðum að innan þar til annað kæmi í ljós. Eftir birtingu fasteignmats í júní 2014 fyrir árið 2015 bárust Þjóðskrá Íslands umtalsvert af athugasemdum við fyrirhugað fasteignamat enda miklar breytingar sem víða urðu á mati. Þegar athugasemd berst við fasteignamat eignar fer matsmaður frá stofnuninni og skoðar viðkomandi eign og fer yfir forsendur matsins, svo sem flokkun eignar í rými (skv. 11. töflu), ytra ástand og gæði matshluta, innra ástand og gæði rýma og afskriftarár. Að skoðun lokinni er mat endurreiknað. Frá endurmatinu 2014 þar sem tekjumati var í fyrsta sinn beitt hafa skoðunarupplýsingar verið uppfærðar á fjölda eigna og er það jákvætt því réttari og fyllri gögn auðvelda og bæta líkanagerðina.

6.6 Lokafrágangur tekjumats

Matsformúlum tekjumats er ætlað að meta líklegt gangverð eigna á öllu landinu. Tölfræðin ein og sér getur tekið á þeim svæðum þar sem mikið er af leigu- og kaupsamningum. Það er hinsvegar erfiðara að segja til um mat eigna á svæðum þar sem engir samningar eru til staðar. Af þeim sökum var farið yfir landið og hlutföll milli matssvæða skoðuð, bæði með hliðsjón af þjónustu á svæðum, ástandi atvinnulífs og einnig hlutfallslegu verðmæti íbúðarhúsnæðis. Farið var í að ákvarða sterkustu svæðin í hverjum landshluta, síðan voru fundin næst sterkustu svæðin og tryggt að þau væru í réttu hlutfalli við þau sterkustu og þannig koll af kolli þar til skynsamlegt hlutfall var til staðar. Með þessu móti fékkst mikill munur á ódýrustu og dýrustu svæðunum. Ódýrustu svæðin hafa matssvæðisstuðul 0,18 en þau dýrustu hafa stuðul 1,36. Þetta er um sjöfaldur munur sem er heldur minni en mesti munur fyrir íbúðarhúsnæði sem er um tífaldur.

Með hliðsjón af því að tekjumati er nú einungis beitt í annað sinn og vegna þeirra óvissu sem fylgir breytingum af þessari stærðargráðu var metið eðlilegt að miða við 5% lægra verð en líkanreikningarnir einir og sér gefa tilefni til. Þetta er sama aðferðarfræði og viðhöfð var við endurmat íbúðarhúsnæðis árið 2009 fyrir árið 2010.

Þegar búið er að reikna mat og lóðarmat eru upphæðirnar snyrtar. Notuð er sama aðferð og fyrir matstölur íbúðarhúsnæðis sem metið er með markaðsaðferð og lýst er í 10. töflu.

7 Aðrar aðferðir

Langstærstur hluti íbúðarhúsnæðis er metinn með markaðsaðferð (sjá 5. kafla) en nokkur hluti með eldri aðferðum. Stór hluti atvinnuhúsnæðis er metinn með tekjuaðferð (sjá 6. kafla) en einnig er nokkur hluti metinn með markaðsleiðréttu kostnaðarmati. Undirstaða eldri aðferða við mat íbúðarhúsnæðis og markaðsleiðrétts kostnaðarmats er afskrifað endurstofnverð en það er jafnframt undirstaða þeirrar kostnaðaraðferðar sem beitt er við mat sumarhúsa.

Stuðst er við fermetraverð fyrir gefna landnotkun þegar land í verðflokkamati er metið og svipað er uppi á teningnum við mat búgarðalóða.

7.1 Endurstofnverð

Endurstofnverð (EST) er áætlaður heildarbyggingarkostnaður húseignar án opinberra lóða- og tengigjalda og án kostnaðar vegna lóðarfrágangs. Með opinberum gjöldum er átt við gatnagerðargjald, byggingarleyfisgjald, skipulagsgjald, heimæðargjald hitaveitu, heimtaugargjald rafmagns og gjald fyrir vatns- og skolplögn að lóð. Endurstofnverð er reiknað árlega fyrir öll mannvirki sem skráð eru í fasteignaskrá. Útreikningurinn byggir á frumþáttaverði sem er einingarverð fyrir efni, vinnu og vélar. Verði er meðal annars safnað úr verðlistum byggingarefnissala og verðbönkum verkfræðistofa og innihalda verðtöflurnar rúmlega 400 mismunandi verð og miðast verðlag þeirra nú við verðlag í janúar 2015. Frumþáttaverð er notað til að mynda byggingarhlutaverð t.d. fyrir sökkla, innveggi, útveggi, þak o.fl. miðað við mismunandi forsendur. Upplýsingar um stærðir og magntölur fasteignar eru fyrst og fremst fengnar úr skráningartöflu mannvirkis sem Þjóðskrá Íslands fær afhenta frá byggingarfulltrúa viðkomandi sveitarfélags. Jafnframt skoða matsmenn Þjóðskrár eignina og skrá hjá sér gæði, ástand og magn innréttinga, gólfefna, hreinlætistækja o.fl. Þegar upplýsingar um byggingahlutaverð, magn og gæði liggja fyrir er endurstofnverð fasteignar reiknað. Endurstofnverð sem reiknað er með þessum hætti er sagt vera af kostnaðarmatstegund (K).

Ef um er að ræða fasteign án skráningartöflu (eldri fasteignir eingöngu) þá er endurstofnverð íbúðarhúsnæðis reiknað með vélmati sem byggir á útreiknuðum byggingarkostnaði svokallaðs vísitöluhúss sem getur verið einbýli (E), fjölbýli (F) eða bílskúr (B). Byggingarkostnaður vísitöluhússins er reiknaður á svipaðan hátt og ef um skráningartöfluhús væri að ræða en útkoman er síðan stuðluð miðað við frávik frá vísitöluhúsi.

Enn er talsvert um eldri eignir sem eru án skráningartöflu og eru með handmetið endurstofnverð (H). Þau endurstofnverð er ekki unnt að endurreikna en eru framreiknuð árlega miðað við meðalhækkun reiknaðra endurstofnverða.

Auk þess að endurreikna endurstofnverð árlega er afskrifað endurstofnverð (AEST) reiknað. Þá er endurstofnverðið afskrifað í samræmi við aldur út frá afskriftarári, viðhaldseinkunn og líftíma hinna einstöku byggingarhluta.

Lesa má nánar um endurstofnverð og afskriftir í skýrslu um brunabótamat 2015, útgefinni af Þjóðskrá Íslands.

7.2 Framreikningur fasteignamats

Seinustu ár hefur fasteignamat sem byggir á afskrifuðu endurstofnverði verið framreiknað ár hvert á grundvelli ákvörðunar um framreiknistuðla. Þeir eru ákvarðaðir með hliðsjón af breytingu verðlags við kaup og sölu fasteigna frá ári til árs. Framreiknistuðlarnir eru síðan notaðir til að ákvarða nýja matsstuðla, meðal annars við afskrifað endurstofnverð, en þá er jafnframt tekið tillit til meðalbreytingar á endurstofnverði eða afskrifuðu endurstofnverði viðkomandi gjaldflokks og endurstofnverðstegundar. Við endurmat fasteignamats fyrir árið 2016 var meðalbreyting á afskrifuðu endurstofnverði höfð til hliðsjónar fyrir allt reiknað mat en meðalbreyting á endurstofnverði fyrir handmat. Til dæmis er framreiknistuðull sumarhúsa 1,030 (þ.e. hækkun um 3,0%) fyrir árið 2016 en meðalhækkun afskrifaðs endurstofnverðs sumarhúsa í kostnaðarmati er 5,0%. Því er matsstuðull (almennur stuðull) árið 2016 fyrir sumarhús í kostnaðarmati

$$\text{almennur stuðull}_{2016} = \text{almennur stuðull}_{2015} \cdot \frac{\text{framreiknistuðull}}{\text{meðalaestbreyting}} = 0,925 \cdot \frac{1,030}{1,050} \approx 0,907.$$

Frá árinu 2001 til ársins 2009 voru framreiknistuðlar ákvarðaðir af yfirfasteignamatsnefnd en á því árabili miðaðist verðlag fasteignamats við nóvember og tók gildi um áramót. Framreiknistuðlar voru ákvarðaðir með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá ári til árs. Þjóðskrá Íslands hefur frá árinu 2009 ákvarðað framreiknistuðla. Við ákvörðun fasteignamats sem gildir árið 2016 var metin breyting verðlags frá febrúar 2014 til febrúar 2015 og miðast framreiknistuðlar fyrir alla eignaflokka við 3% hækkun.

7.3 Frágangur mats

Þegar búið er að reikna heildarmat og lóðarmat með þeim matsaðferðum sem lýst er hér á eftir eru upphæðirnar snyrtar. Notuð er sama aðferð og fyrir matstölur íbúðarhúsnæðis sem metið er með markaðsaðferð og lýst er í 10. töflu.

7.4 Íbúðarhúsnæði með blandaðri aðferð

Við mat íbúðarhúsnæðis með blandaðri aðferð er afskrifaður byggingarkostnaður notaður auk annarra eiginleika til að meta verð eigna. Byggir þessi aðferð á endurmati frá árinu 2001 en því er lýst í grein Arnar Ingvarssonar í árbók VFÍ/TFÍ 2002 bls. 259–270. Reiknað er svokallað höfuðborgarmat sem var í upphafi mat eigna í Reykjavík og skiptist í húsmat og lóðarmat, þ.e.

$$\text{fmat}_{\text{rvk}} = \text{lmat}_{\text{rvk}} + \text{húsmat}_{\text{rvk}}.$$

Lóðarmatið (í þúsundum króna) er reiknað samkvæmt

$$\text{lmat}_{\text{rvk}} = \lambda_1 \cdot \text{birtflm} + \lambda_2 \cdot \text{lóðarprósenta} + \lambda_3 \cdot \sqrt{\text{lóðarflm}} + \lambda_0,$$

þar sem birtflm er birt flatarmál eignar, lóðarprósenta er hlutfall eignar í lóð (í heilum prósentum) ef um fjöleignarhús er að ræða, lóðarflm er hlutdeild eignar í lóð (hér að hámarki 2.000 m^2) og λ_1, λ_2 og λ_3 eru stuðlar sem eru háðir tegund eignar (sjá 16. töflu). Lóðarmat reikn-

16. tafla. *Stuðlar fyrir lóðarmat íbúðarhúsnæðis 2016*

Tegund	λ_1	λ_2	λ_3	λ_0
Sérbýli	11,812	44,951	223,599	0
Fjölbýli	22,493	55,716	0	702
Bílskúr	10,711	40,761	0	0

ast eingöngu fyrir aðalmatseiningu, ef fleiri íbúðir eru tengdar á sömu eign eða bílskúrar eru tengdir íbúð fá þessar einingar ekki lóðarmat. Ef um óbyggða íbúðarhúsalóð er að ræða reiknast birt flatarmál sem birtflm = lóðarflm $\cdot$ nýtingarhlutfall $\cdot$ 0,75 og stuðlar lóðarmatsjöfnunnar miðast við sérbýli.

Húsmat (í þúsundum króna) reiknast samkvæmt

$$\text{húsmat}_{\text{rvk}} = \gamma_1 \cdot \text{AEST} \cdot \Gamma(\text{birtflm}) + \gamma_2 \cdot \text{birtflm} - \gamma_3 \cdot \text{reiknialdur} \cdot \text{birtflm} + \gamma_0,$$

þar sem AEST er afskrifað endurstofnverð (sjá kafla 7.1 og skýrslu um brunabótamat), birtflm er birt flatarmál eignar og reiknialdur er 0 í Reykjavík, aldur upp að 55 árum annars staðar á höfuðborgarsvæðinu og upp að 100 árum utan höfuðborgarsvæðisins. Stuðullinn γ_1 er háður tegund eignar og því hvernig endurstofnverð eignarinnar er reiknað og má sjá í 17. töflu.

17. tafla. *Almennur stuðull (γ_1) fyrir íbúðarhúsnæði 2016*

Tegund	**Tegund AEST**				
	B	**E**	**F**	**H**	**K**
Einbýlishús	0,656	0,690	0,681	0,721	0,740
Par-/raðhús	0,737	0,689	0,686	0,721	0,739
Fjölbýlishús	0,639	0,703	0,689	0,730	0,742
Bílskúr/skúr	0,583	0,623	0,594	0,659	0,655

Γ er stærðarleiðrétting og er háð gerð eignar og stærð

$$\Gamma_{\text{sérbýli}} = \begin{cases} 1,09 & \text{ef birtflm} \leq 90 \\ 1 - 0,0015 \cdot (\text{birtflm} - 150) & \text{ef } 90 < \text{birtflm} \leq 150 \\ 1 & \text{ef } 150 < \text{birtflm} \leq 210 \\ 1 - 0,0015 \cdot (\text{birtflm} - 210) & \text{ef } 210 < \text{birtflm} \leq 300 \\ 0,865 & \text{ef birtflm} > 300 \end{cases}$$

$$\Gamma_{\text{fjölbýli}} = \begin{cases} 1,09 & \text{ef birtflm} \leq 30 \\ 1 - 0,0015 \cdot (\text{birtflm} - 90) & \text{ef } 30 < \text{birtflm} \leq 90 \\ 1 & \text{ef } 90 < \text{birtflm} \leq 130 \\ 1 - 0,0015 \cdot (\text{birtflm} - 130) & \text{ef } 130 < \text{birtflm} \leq 220 \\ 0,865 & \text{ef birtflm} > 220 \end{cases}$$

$$\Gamma_{\text{bílskúr}} = 0,85$$

Stuðlarnir γ_2 og γ_3 eru háðir gerð eignar (sjá 18. töflu) og fastinn γ_0 er háður stærð og gerð

18. tafla. *Stuðlar fyrir húsmat 2016*

Tegund	γ_2	γ_3
Sérbýli	52,658	0,370
Fjölbýli	47,835	0,579
Bílskúr	45,556	0,551

eignar (sjá 19. töflu) en fyrir einingu sem er tengd annarri (og er ekki aðaleining) er $\gamma_0 = 0$.

19. tafla. *Fasti (γ_0) fyrir húsmat 2016*

Flokkur	**Flatarmál**		**Tegund**		
	$\geq$	$<$	**sérbýli**	**fjölbýli**	**bílskúr**
1	0	30	737	0	670
2	30	50	737	1689	670
3	50	70	1095	2533	992
4	70	110	2570	3206	2331
5	110	150	4258	3543	3860
6	150	210	4135	3543	3750
7	210	270	3276	2071	2969
8	270	370	2231	2071	1715
9	370	∞	2231	2071	1403

Fyrir hvert matssvæði sem er byggð innan sveitarfélags eru til svæðastuðlar sem segja til um hlutfall mats á svæði miðað við Reykjavík og leggjast þeir ofan á fasteignamat höfuðborgar (sjá viðauka N). Í örfáum tilvikum eru einnig til hverfisstuðlar sem hafa áhrif á matið (sjá viðauka P og kort í viðauka U). Fasteignamat reiknast því sem

$$\text{fmat} = \text{fmat}_{\text{rvk}} \cdot \text{matssvæðisstuðull} \cdot \text{hverfisstuðull}$$

og lóðarmatmatið verður

$$\text{lmat} = \text{lmat}_{\text{rvk}} \cdot \text{matssvæðisstuðull lóðar} \cdot \text{hverfisstuðull}^2$$

en húsmatið verður afleidd stærð, sem er mismunur fasteignamats og lóðarmats, þ.e.

$$\text{húsmat} = \text{fmat} - \text{lmat}.$$

Svæðastuðlarnir voru upphaflega ákvarðaðir í endurmatinu 2001 út frá kaupsamningum. Árið 2011 var orðinn verulegur munur á mati íbúðarhúsa í dreifbýli eftir því hvort þau voru metin með hreinni markaðsaðferð eða blandaðri aðferð og voru svæðastuðlarnir því samræmdir svæðastuðlum sem notaðir eru í hreinni markaðsaðferð. Matsstuðlar í 16. - 19. töflu hafa frá árinu 2001 verið framreiknaðir árlega og var miðað við framreiknistuðul 1,03 við endurmat fasteignamats fyrir árið 2016.

7.5 Markaðsleiðrétt kostnaðarmat

Sá hluti atvinnuhúsnæðis sem ekki er metinn með tekjumati og lítill hluti íbúðarhúsnæðis er ennþá metinn með aðferð sem tekin var upp árið 2001 þegar fasteigna- og brunabótamat flestallra fasteigna á landinu var endurmetið í einni fjöldamatsaðgerð. Aðferðin nefnist markaðsleiðrétt kostnaðarmat. Markmiðið með endurmatinu var að innleiða mat sem endurspeglaði betur gangverð fasteigna en fyrra mat. Frá 2001 hefur matið verið framreiknað og við ákvörðun fasteignamats sem gildir fyrir árið 2016 voru matsstuðlar framreiknaðir miðað við 3% hækkun.

Fasteignamat eigna sem metnar eru samkvæmt markaðsleiðréttu kostnaðarmati er summa húsmats og lóðarmats. Húsmatið er reiknað með jöfnunni

$$\text{Húsmat} = \text{AEST} \cdot \text{almennur stuðull} \cdot \text{svæðastuðull} \cdot \text{hverfisstuðull}$$

þar sem AEST er endurstofnverð húss að teknu tilliti til afskrifta (sjá kafla 7.1 og skýrslu um brunabótamat), almennur stuðull er fasti sem sýnir markaðsverð ákveðinna húsagerða miðað við byggingarkostnað þeirra og má sjá í 20. töflu, svæðastuðull er fasti sem lýsir staðsetningaráhrifum, það er segir til um hlutfall mats á svæði miðað við höfuðborgarsvæðið, og má finna í viðaukum N (íbúðarstuðlar) og O (atvinnustuðlar), hverfisstuðull er fasti sem greinir á milli einstakra hverfa innan svæða og má finna í viðauka P en kort af svæðunum má sjá í viðauka U. Í fyrsta sinn byggir hverfaskiptingin á hnitsetningu eigna en byggði áður á staðgreini. Í einstaka tilvikum hefur þetta áhrif á mat og þá vegna rangskráðs staðgreinis. Mikilvægt er að benda á að endurstofnverð og afskrifað endurstofnverð eigna er endurskoðað árlega með tilliti til verðlagsbreytinga og hækkar því milli ára ef byggingarkostnaður eykst en lækkar ef byggingarkostnaður minnkar.

20. tafla. *Almennur stuðull 2016*

Tegund		**Tegund EST**				
		B	**E**	**F**	**H**	**K**
0	Útihús	0,690	0,719	0,706	0,752	0,726
1	Einbýlishús	0,970	1,018	1,007	1,045	1,092
2	Raðhús	1,089	1,016	1,014	1,045	1,090
3	Fjölbýli	0,859	0,940	0,923	0,958	0,992
4	Bílskúr/skúr	0,859	0,916	0,875	0,951	0,963
6	Verslanir og skrifstofuhús	0,625	0,658	0,645	0,674	0,698
7	Iðnaðarhús	0,594	0,619	0,606	0,645	0,643
8	Vörugeymslur	0,596	0,617	0,612	0,640	0,624
9	Sérhæfðar byggingar	0,653	0,662	0,652	0,690	0,675

Við útreikning lóðarmats þeirra eigna sem metnar eru með markaðsleiðréttu kostnaðarmati er lagt mat á kostnað við gatnagerðar- og tengigjöld og tekið mið af stærð húsnæðis. Einnig er tekið tillit til frágangs bílastæða og lágmarkskostnaðar vegna frágangs lóðarinnar sjálfrar og við lóðarmörk hennar. Jafnframt er margföldunarstuðlum beitt til að ná fram

21. tafla. *Stuðull (λ_1) fyrir lóðarmat 2016*

Tegund		$\boldsymbol{\lambda_1}$
0	Útihús	1,988968
1	Einbýlishús	2,953052
2	Raðhús	2,953052
3	Fjölbýli	2,677798
4	Bílskúr/skúr	2,677798
6	Verslanir og skrifstofuhús	1,879937
7	Iðnaðarhús	1,750923
8	Vörugeymslur	1,750923
9	Sérhæfðar byggingar	1,879937

22. tafla. *Stuðlar (λ_2 og $\lambda_{2\acute{o}b}$) fyrir lóðarmat*

Gerð lóðar		$\boldsymbol{\lambda_2}$	$\boldsymbol{\lambda_{2\acute{o}b}}$
10	Íbúðarlóð	8.700	6.300
20	Iðnaðar- og athafnalóð	7.800	6.100
30	Viðskipta- og þjónustulóð	8.700	6.300

staðsetningaráhrifum og taka þeir mið af verðmæti lóðar eftir svæðum.

Lóðarmat fullbyggðs húsnæðis (íbúðar og atvinnu) er reiknað á eftirfarandi máta (í krónum)

$$\begin{aligned}\text{Lóðarmat} \;=\; &(\text{flatarmál eignar} \cdot \lambda_2 + \;\text{lóðarflatarmál} \cdot \text{lóðarhlutfall} \cdot 1.800 \\ &+ 4 \;\cdot \sqrt{\text{lóðarflatarmál}} \cdot \text{lóðarhlutfall} \cdot 5.000) \cdot \lambda_1 \cdot \text{svæðastuðull lóðar} \\ &\cdot \text{hverfisstuðull}^2\end{aligned}$$

þar sem flatarmál eignar er birt flatarmál eða í undantekningartilfellum reiknað flatarmál samkvæmt nýtingarhlutfalli, λ_1 er fasti sem fer eftir gerð húsnæðis (sjá 21. töflu), λ_2 er fasti sem fer eftir gerð lóðar (sjá 22. töflu) og svæðastuðull lóðar og hverfisstuðull lýsa staðsetningaráhrifum, sjá viðauka N (svæðastuðlar íbúðarhúsnæðis), O (svæðastuðlar atvinnuhúsnæðis), P (hverfisstuðlar) og kort í viðauka U. Lóðarflatarmál er að hámarki 9 hektarar.

Ef matsstig húsnæðis er lægra en 7 er fastinn $\lambda_{2\acute{o}b}$ notaður í stað λ_2 í jöfnunni hér að ofan og lóðarmatið reiknað á eftirfarandi máta

$$\begin{aligned}\text{Lóðarmat}_{\text{bstig} < 7} \;=\; &(\text{flatarmál eignar} \cdot \lambda_{2\acute{o}b} + \;\text{lóðarflatarmál} \cdot \text{lóðarhlutfall} \cdot 1.800 \\ &+ 4 \;\cdot \sqrt{\text{lóðarflatarmál}} \cdot \text{lóðarhlutfall} \cdot 5.000) \cdot \lambda_1 \cdot \text{svæðastuðull lóðar} \\ &\cdot \text{hverfisstuðull}^2\end{aligned}$$

Ef um óbyggða lóð er að ræða er lóðarmatið

$$\begin{aligned}\text{Lóðarmat}_{\text{lóð óbyggð}} = &(\text{lóðarflatarmál} \cdot \text{nýtingarhlutfall} \cdot 0,75 \cdot \lambda_{2\text{ób}} \\ &+ \text{lóðarflatarmál} \cdot \text{lóðarhlutfall} \cdot 1.800 \\ &+ 4 \cdot \sqrt{\text{lóðarflatarmál}} \cdot \text{lóðarhlutfall} \cdot 5.000) \cdot \lambda_1 \cdot \text{svæðastuðull lóðar} \\ &\cdot \text{hverfisstuðull}^2\end{aligned}$$

7.6 Miðbæjarmat

Árið 1997 var atvinnuhúsnæði í miðbæ Reykjavíkur endurmetið. Skoðaðir voru kaupsamningar um húsnæði við Laugaveg, Hverfisgötu, Skólavörðustíg og fleiri götur og fermetraverð ákveðið fyrir mismunandi notkun og staðsetningu húsnæðis. Út frá þessum upplýsingum var húsmat og lóðarmat ákvarðað. Í þessum eignum var afskrifað endurstofnverð sett jafnt húsmati og matstölum síðan breytt árlega í samræmi við ákvarðanir um framreiknistuðla, að teknu tilliti til ársafskrifta. Í dag eru rúmlega 70 fasteignir í miðbæjarmati og fer fækkandi.

7.7 Sumarbústaðir

Sumarbústaðir eru metnir á grundvelli matsaðferðar sem tekin var upp við endurmat sumarbústaða 2005. Við endurmatið var stuðst við kaupsamninga sumarbústaða og sumarbústaðalóða frá árunum 2002 til 2005. Fasteignamat húss (húsmat) byggist á afskrifuðu endurstofnverði ásamt staðsetningaráhrifum. Fasteignamat lóðar (lóðarmat) er fengið með lóðarmatsformúlum sem byggjast á lóðarstærð og staðsetningu. Við ákvörðun fasteignamats sem gildir fyrir árið 2016 voru matsstuðlar framreiknaðir miðað við 3% hækkun sumarhúsa.

Matsformúlurnar voru ákvarðaðar með aðhvarfsgreiningu þannig að þær endurspegla gangverð á hverjum stað. Með upplýsingum um kaupverð annars vegar og upplýsingum um staðsetningu eignar, stofnkostnað og stærð mannvirkis og lands hins vegar er mynduð formúla fyrir gangverðið, þ.e. matsformúlan. Þannig er hin almenna matsformúla fyrir sumarbústaði (í þúsundum króna)

$$\text{Gangverð} = \text{StSvæði} \cdot \Big(\text{StAest} \cdot \text{AEST} + \text{StLflm} \cdot \text{LóðFlm}^{0,8} + \text{VSTOFN}\Big)$$

þar sem StSvæði, StAest og StLflm eru matsstuðlar en AEST er afskrifað endurstofnverð, LóðFlm er flatarmál lóðar og VSTOFN er framreiknaður stofnkostnaður vega og veitna. Afskrifað endurstofnverð við endurmatið 2005 var á kostnaðarverðlagi samkvæmt byggingarvísitölu í október 2004.

Lóðarflatarmál er að lágmarki 0,1 ha og að hámarki 3 ha. Fyrir lóðir sem eru stærri en 3 ha kemur til viðbótarlóðarmat sem er u.þ.b. 80.000 kr. á ha. Sjá stuðulinn StRflm í töflum í viðauka R.

Fasteignamatið er þá reiknað sem summa eftirfarandi þátta

$$\begin{aligned} \text{Húsmat} &= \text{StSvæði} \cdot \text{StAest} \cdot \text{AEST} \\ \text{Lóðarmat} &= \text{StSvæði} \cdot \Big(\text{StLflm} \cdot \text{LóðFlm}^{0,8} + \text{VSTOFN}\Big) \\ \text{Viðbótarlóðarmat} &= \text{StSvæði} \cdot \text{StRflm} \cdot (\text{Lóðarflatarmál umfram 3 hektara}) \end{aligned}$$

Fyrir óbyggðar sumarbústaðalóðir er ekki reiknað húsmat en lóðarmat og viðbótarlóðarmat er reiknað eins og áður að viðbættum sérstökum stuðli fyrir auðar lóðir þ.e.

$$\begin{aligned} \text{Lóðarmat} &= \text{StSvæði} \cdot \Big(\text{StLflm} \cdot \text{LóðFlm}^{0,8} + \text{VSTOFN}\Big) \cdot \text{StAud} \\ \text{Viðbótarlóðarmat} &= \text{StSvæði} \cdot \text{StRflm} \cdot (\text{Lóðarflatarmál umfram 3 hektara}) \cdot \text{StAud} \end{aligned}$$

Landinu er skipt í 149 gæðaflokkuð sumarbústaðasvæði. Þau eru flokkuð í 5 gæðaflokka. Jafnframt er skráð fyrir hvert svæði hvers eðlis vegir eða vegslóðar eru (gæði vegagerðar), mögulegar tengingar við rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu og skolpveitu og hvort svæðið sé afgirt.

Til viðbótar eru 140 svæði sem fylgja áfram gömlu hreppamörkunum og eru ekki flokkuð á neinn hátt.

Flokkun sumarbústaðasvæða er lýst í viðauka Q og í viðauka R má sjá flokk og matsstuðla fyrir einstök svæði.

7.8 Jarðir og annað land

Fasteignamat jarða byggist að mestu á eldri matsaðferðum. Ekki er um kerfisbundna aðferð að ræða, heldur hafa einstakar eignir verið metnar sérstaklega. Í endurmatinu fyrir árið 2015 var stigið fyrsta skrefið í endurmati eigna á jörðum. Var húsmat flestra íbúðarhúsa á jörðum reiknað með sömu jöfnum og íbúðarhús á lóðum. Árið 2005 var land í Mosfellsbæ endurmetið með nýrri aðferð, verðflokkamati, sem á næstu árum er ætlað að verða grundvöllur fyrir endurmati jarða á landinu öllu. Við endurmatið nú hækkaði lóðarmat jarða og fasteignamat annars lands um 3%. Sama gildir um hlunnindi og ræktun.

7.8.1 Verðflokkamat

Verðflokkamat á rætur að rekja til ársins 2005 þegar heildstætt endurmat á landmati átti sér stað í Mosfellsbæ. Endurmatið náði til alls lands og lóða í sveitarfélaginu sem ekki var deiliskipulagt sem íbúðar-, atvinnu- eða sumarhúsalóðir, jafnt innan sem utan þéttbýlismarka. Til endurmatsins komu því fasteignir þar sem landnotkun er skilgreind eins og sjá má í 23. töflu. Um leið og land er deiliskipulagt sem byggingarland er það metið með öðrum aðferðum, samanber 5. kafla og kafla 7.5 - 7.7.

Í samstarfi við sveitarfélagið fór fram stærðarskráning og afmörkun á öllu landi og lóðum sem matið átti að taka til ásamt því að gengið var á vettvang og upplýsingum og gögnum um land safnað. Allt land í Mosfellsbæ var flokkað eftir mati á verðmætum og byggðist það mat á upplýsingum úr aðalskipulagi sveitarfélagsins, sérþekkingu matsmanna auk upplýsinga frá staðkunnugum um hvaða sjónarmið helst hefðu áhrif á verðmæti landsins. Notaðir voru níu flokkar, númeraðir frá 100 til 900, þar sem land í flokki 900 er dýrast en í flokki 100 er það

23. tafla. *Notkun lands*

Kóði	Notkunarlýsing
1–9	Jarðir
40	Opið svæði
50	Ræktunarland
70	Óútvísað land
80	Annað land
85	Óbyggt land
90	Óbyggð lóð

ódýrast. Gróflega má skipta flokkunum í þrjá meginflokka. Í flokkum 900 og 800 er land sem skilgreint er sem byggingarland í aðalskipulagi, í flokkum 700, 600, 500 og 400 er land sem metið er sem mögulegt byggingarland en ekki er búið að skilgreina sem slíkt í aðalskipulagi og í flokkum 300, 200 og 100 er heiðaland og annað land þar sem ekki má búast við fastri búsetu. Nánari lýsingu má sjá í 24. töflu en flokkun lands er ekki alltaf einhlýt og því er lýsing flokkanna eingöngu til viðmiðunar. Land getur verið búið kostum sem að öllu jöfnu ættu að gera það verðmætt, svo sem vegna staðsetningar og samgangna, en annmarkar geta verið á svo sem vegna vatnsverndar sem draga úr verðmæti.

